

tíund

FRÉTTABLAÐ RSK ÁGÚST 2006



Ég borga skatta,
En þú?

Álagning einstaklinga 2006

Frá París til Verdun

Um skatta og skattheimtu

Reglur um milliverð



INDRIÐI H.
ÞORLÁKSSON

Áfangaskil

Allt hefur sinn tíma. Ég hef óskað eftir lausn frá embætti ríkisskattstjóra og læt af því starfi í lok september n.k. Frá þeim nærri átta árum sem ég hef gegnt þessu embætti hef ég margs að minnast. Flest er það ánægjulegt. Mér auðnaðist á þessum tíma að vera þátttakandi í miklum og ánægjulegum breytingum á skattastjórnsýslu hér á landi, sem hefur skipað sér í fremstu röð þeirra stofnana sem kappkosta að rækja hlutverk sitt með hagsmuni heildarinnar og viðskiptavina sinna að leiðarljósi.

Það ánægjulegasta við þessa þróun var að finna þann jákvæða hug og mikla samstarfsvilja sem einkennt hefur þá sem að verki komu hvort sem um var að ræða starfsmenn embættisins, skattstjóra og starfsfólk þeirra eða samstarfsaðila í þjónustufyrirtækjum okkar. Góður vilji þessa fólks og hæfni þeirra skilaði þeim árangri sem náðst hefur.

Þótt ýmislegt hafi áunnist á umliðnum árum er enn margt ógert sem þarf til að gera skattastjórnsýslu hér á landi vel úr garði. Skattastjórnsýslunni þarf að skapa skipulagslegt sjálfstæði og svigrúm til að laga sig að síbreytilegum verkefnum og viðhorfum og koma stofnanaskipan hennar í betra horf. Stofnanaskipan skattkerfisins og verkaskipting milli þess og aðila sem vinna að tengdum málum hefur verið að mestu óbreytt áratugum saman. Hún reyndist vel á sínum tíma en hæfir ekki núverandi aðstæðum.

Styrkja þarf framkvæmdaþátt skattalöggjafarinnar þannig að skattastjórnsýslan hafi í höndum þau verkfæri sem nauðsynleg eru til að efni skattalaga megi framkvæma með samræmdum hætti og tryggja jafnræði. Löggjöfin er sniðin að samfélagi í nokkurri efnahagslegri einangrun með takmörkuð og einföld samskipti við erlenda aðila. Alþjóðavæðingin svokallaða og breytt siðferðileg viðhorf hafa skapað nýjar forsendur sem taka þarf tillit til.

Efla þarf starfsemi skattyfirvalda, ekki síst skatteftirlit. Hafa þarf í huga að virkt skatteftirlit eykur ekki bara skatttekjur umfram aukinn tilkostnað heldur er það hornsteinn þess að viðhalda jafnræði þegnanna gagnvart skattalögum, og forsenda þess að þeir beri virðingu fyrir starfsemi skattyfirvalda. Virkt skatteftirlit eykur skatttekjur, lækkar skatta skilvísra og stuðlar að jafnrétti í þjóðfélaginu.

Ég hef margs að minnast á þessum tímamótum í lífi mínu. Ég hef haft mikla ánægju af starfi mínu og samstarfi við það góða og hæfa fólk sem starfað hefur með mér á embætti ríkisskattstjóra, skattstjóra, starfsfólk þeirra og aðra, sem starf mitt hefur snert. Ég veit að skattkerfið er í góðum höndum hjá því og eftirmanni mínum í starfi óska ég farsældar.

EFNISYFIRLIT

2 Leiðari

4 Að standa sig í því sem er innanhandar að standa sig í

Indriði H. Þorláksson

7 Meistaránám í skattarétti

Ný námsbraut við Viðskiptaháskólann á Bifröst
Viðtal við Ingibjörgu Ingvadóttur

9 Frá París til Verðun

Jóhannes Hraunfjörð Karlsson

12 Bjarne Hope

13 Álagning einstaklinga 2006

Páll Kolbeins

20 Reglur um milliverð geta þær aukið trúverðugleika íslensks viðskiptalífs?

Ólafur Karl Eyjólfsson

22 Réttur til samsköttunar - breyttar reglur

Ragnheiður Björnsdóttir

23 Um skatta og skattheimtu

Unnar Steinn Bjarndal

26 Af vettvangi skattaréttar Úrskurðir og dómar

Anna Dóra Helgadóttir

28 Molar

30 Skattlagning erlendis Rúmenía

Guðrún Ásta Sigurðardóttir

31 Upplýsingatafla



Að standa sig

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri hélt fyrirlestur á ráðstefnunni „Framsækin ríkisrekstur - árangursstjórnun í 10 ár“ sem nýlega var haldin á vegum fjármálaráðuneytis. Þar tók hann til umfjöllunar árangursstjórnun í skattaframkvæmdinni og hvaða þættir hafi helst stuðlað að góðum árangri þar á bæ. Erindi hans er á bls. 4.

Frá París til Verðun

Hér á landi eru ekki lagðir á nefskattar svo orð sé á gerandi og eini nefskatturinn sem við þekkjum í dag er gjald sem rennur í framkvæmdasjóð aldraðra. Það hefur þó ekki alltaf verið þannig og hvort leggja eigi á nefskatta eða ekki, um það eru menn ekki á eitt sáttir. Í þessari grein rifjar Jóhannes Hraunfjörð Karlsson upp hvernig þessu hefur verið háttað í aldanna rás. Grein hans er á bls. 9.



Um skatta og skattheimtu

Unnar Steinn Bjarndal lögfræðingur hefur skrifað þrjár greinar um íslenska skattalöggjöf sem birtast munu í Tíund í þessu og næstu tölublöðum. Í fyrstu greininni sem birtist í þessu blaði, fjallar hann um hugtakið skattur og hvernig það hugtak hefur verið skilgreint á sviði skattaréttar. Skemmtileg og fróðleg grein, sjá bls. 23.

Reglur um milliverð

Viðskipti á milli landa eru sífellt að aukast og verður ekki hjá því komist að skattlagningarreglur þurfi að taka mið af því. Í þessari grein skrifar Ólafur Karl Eyjólfsson um reglur um milliverð (transfer pricing), hvenær þær eigi við í viðskiptum og hvernig þeim sé beitt. Grein Ólafs er á bls. 20.



tíund

FRÉTTABLAÐ RSK ÁGÚST 2006

Ríkisskattstjóri |
Laugavegi 166 | 150 Reykjavík
sími: 563 1100 | fax: 562 4440
rsk@rsk.is | www.rsk.is

FRÉTTABLAÐ RSK · 2. TÖLUBLAÐ · 20. ÁRGANGUR · PRENTAÐ Í 1700 EINTÖKUM
ÚTGEFANDI: RSK

ÁBYRGÐARMADUR: INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON
RITSTJÓRI: HREFNA EINARSDÓTTIR
PRÓFÖRK: HREFNA EINARSDÓTTIR, INGIBJÖRG ERENDSÓTTIR
LJÓSMYNDIR: HREFNA EINARSDÓTTIR O.FL.
HÖNNUN OG UMBROT: ANNA P. GUÐMUNDSÓTTIR
PRENTUN: PRENTSMÍÐJAN VIÐEY

FJÓLMÍÐLUM ER HEIMILT AÐ NOTA EFNI BLAÐSINS, SÉ HEIMILDAR GETIÐ.

Að standa sig í því sem er innanhandar að standa sig í

Framsækinn ríkisrekstur - árangursstjórnun í 10 ár - Ráðstefna 18. maí 2006



Í tilefni þess að tíu ár eru síðan hafin var innleiðing árangursstjórnunar í ríkisrekstri var haldin ráðstefna á vegum fjármálaráðuneytisins undir heitinu „Framsækinn ríkisrekstur - árangursstjórnun í 10 ár“. Á ráðstefnunni hélt Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri fyrirlestur undir yfirskriftinni „Að standa sig ... í því sem er innanhandar að standa sig í“, þar sem hann tók til umfjöllunar árangursstjórnun í skattaframkvæmd og hvernig nýjar áherslur hafa kallað á breytt vinnubrögð og verkferli á síðustu árum. Erindi Indriða fer hér á eftir.

„Mér var gefið frelsi um efni og efnis-

tök en bent var á efni ráðstefnunnar; árangursstjórnun, og spurningar eins og; hvernig nást breytingar fram?, hvernig er ferillinn frá skrifinnsku til þjónustu? og hvernig fæst fólk til samstarfs um breytingar?

Allt eru þetta áhugaverðar spurningar en áður en ég vík að þeim langar mig til að fara nokkrum orðum um hugmyndafræði stjórnunar, árangursstjórnun o.fl. og m.a. að skýra það nafn sem ég valdi þessu erindi. Hagkvæmni í einhverjum skilningi hefur lengi verið viðfangsefni fræðigreina sem að einhverju leyti fjalla um atferli manna svo sem hagfræði og rekstrarfræði, þ.m.t. stjórnunar. Í mínu hagfræðinámi var hagkvæmni skilgreind sem það að ná sem mestum árangri með sem minnstum tilkostnaði. Í reynd sýnist mér að

nútíma stjórnvísindi séu með einum eða öðrum hætti útlekking á þessum einfalda boðskap á því tungumáli sem hæfir mismunandi viðfangsefnum, t.d. opinberri stjórnsýslu og því tjáningarformi sem tilheyrir tíðarandanum hverju sinni. Það kannast eflaust flestir við orð eins og verkefnastjórnun, gæðastjórnun, breytingastjórnun, „performance management“, þekkingarstjórnun, straumlínustjórnun, stefnumiðaða stjórnun, árangursstjórnun og persónulega stjórnun, sem eru nokkur þeirra tilboða sem blasa við ef leitað er eftir orðinu stjórnun á vefnum.

Ég dreg ekki í efa að margt ef ekki flest af þessum fræðum hefur nokkuð til síns ágætis og hefur skilað árangri. Án þess að vilja gera lítið úr stjórnsýslufræðum almennt get ég ekki leynt því að fyrir kemur að mér ofbýður sá heimsfrelsunarboðskapur og sölu-mennska sem stundum fylgir þessum fræðum. Innihaldslausar kennisetningar og sjálfsgöðir hlutir fylla hverja heilræða- og sjálfshjálparbókina á fætur annarri og höfundar þeirra og aðrir áþekkir predikarar eru lofsungnir og prisaðir sem hálfguðir. Kjarninn í þessum kennisetningum er oftast einfaldur og einfaldningslegur. Allt sem þú þarft til að ná árangri er að vita hvert þú vilt fara og að hafa vilja til að komast þangað.

Þetta og annað álíka hefur reynst hin besta söluvara og í kringum það hefur myndast heill iðnaður sem veltir tugum milljarða dollara í BNA og teygir arma sína til Evrópu og m.a. hingað til lands. Söluvaran er loforð um aukinn hag í

rekstri, meiri árangur í stjórnun, betri starfsandi, betra fjölskyldulíf, aukna hamingju og hvað eina sem fólk telur eða lætur telja sér trú um að sé af hinu góða. Ekki er svo að skilja að umræða um þessi mál á opinberum vettvangi hér á landi hafi verið þessu marki brennd. En ástæða er til þess að vara við þessari þróun og gæta þess að yfirborðsmennska verði ekki leidd til öndvegis í umræðu um stjórnun opinberra stofnana. Stefna í þeim málum þarf að vera raunhæf og rauntengd og hún þarf að taka mið af þeirri stjórnsýslulegu stöðu sem íslenskar stofnanir eru í, sem út af fyrir sig væri ærin ástæða til að fjalla um í samhengi við árangursstjórnun.

Árangur snýst ekki um það eitt að vilja. Eitt er að vilja og annað að geta og árangur næst ekki nema hvort tveggja sé til staðar. Þetta er kjarninn í þeim orðskviðum Þorsteins Valdimarssonar sem ég valdi sem yfirskrift þessa erindis: „Að standa sig ... í því sem er innanhandar að standa sig í“ þýðir einfaldlega að ná árangri á grundvelli þekkingar og getu. Viljinn einn dugar skammt hvað þá viljayfirlýsingin ein.

Sé það svo að embætti ríkisskattstjóra hafi náð árangri á undanförunum árum, sem ástæða er til að hafa orð á, og eigi ég að gera tilraun til að útskýra hvers vegna árangur hafi náðst vil ég gera það með tilvísun til framangreindrar tilvitnunar. Í stuttu máli fóru saman nokkuð ljós markmið, vilji til að vinna vel og að innanhandar var mannaflí með faglega og tæknilega þekkingu til að hrinda í framkvæmd þeim breytingum sem til þurfti.

Þótt árangursstjórnunarsamningur fyrir stofnunina hafi ekki verið gerður fyrr en á árinu 2004 fer því fjarri að sú hugsun sem í honum felst hafi verið framandi fyrir þann tíma. Sú umræða sem fram hafði farið um umbætur í ríkisrekstri og þörf á markvissri stjórnun hafði að sjálfsögðu náð til hennar og gert sitt til að móta viðhorf starfsmanna og stjórnenda. Þau áhrif sem slík umræða skilar eftir eru ef til vill mikilvægari en orðin sem að lokum eru færð í letur í samningstexta.

Samhliða þessari umræðu um stjórnun gekk stjórnsýsla hér á landi í

gegnum allróttæka endurskoðun. Kröfur samfélagsins voru að breytast og við því varð að bregðast. Birtingarform þessarar þróunar var m.a. setning stjórnsýslulaga og upplýsingalaga. Í þessari þróun var áherslan á að styrkja réttindi borgaranna gagnvart stjórnvöldum. Í stað boðvalds voru komnar skyldur um málsmeðferð, upplýsingaskyldu o.fl. Þótt skattalögin hefðu á þessum tíma og hafi enn málsmeðferðarreglur sem gengu lengra í að skilgreina rétt borgaranna en flest önnur löggjöf fór ekki hjá því að þessi þróun setti mark sitt á skattframkvæmd. Þjónusta við skattborgarana var allt í einu viðtekið markmið. Það að framfylgja lögunum með lagastafinn að vopni var ekki lengur eina markmið skattfyrvalda heldur að veita skattborgurunum góða þjónustu. Þessu fylgdi einnig vaxandi skilningur á því að góð þjónusta er oft lykkillinn að góðri lagaframfylgd.

Hin breyttu viðhorf kölluðu á breytingu á vinnubrögðum og verkferlum í skattkerfinu. Skattframkvæmd er í eðli sínu skriffinniska. Forsendur og ákvarðanir um skattalegar skyldur og kvaðir verður að skrá og halda skilmerkilega til haga og miðla til skattborgaranna. Skattkerfið var þannig mesti pennavinur landsmanna og stóð í bréfaskiptum við hvern einasta mann, sem kominn var til nokkurs þroska, lögaðila og aðra a.m.k. einu sinni á ári en yfirleitt oftár. Að óbreyttum vinnubrögðum var aukin þjónusta torveld og dýr.

Sem betur fór var lausn nærtæk. Rafrænni upplýsingatækni hafði fleygt mjög fram og bauð upp á lausnir sem hentuðu skattkerfinu afar vel. Hin tæknilega skattframkvæmd er í raun ekkert annað en stór verksmiðja sem safnar upplýsingum, vinnur úr þeim og skilar frá sér upplýsingum. Árið 2000, eftir fyrstu tilraun okkar með rafræn skattskil einstaklinga, tókum við þá ákvörðun að stefna markvisst að rafvæðingu allra skattskila. Þessi ákvörðun var afdrifarík að því leyti að hún gerði okkur kleift að bæta og auka þjónustu við skattborgarana með árangursríkari og ódýrari hætti en áður var mögulegt. En ákvörðunin fól meira í sér en það eitt að gera fólki kleift að

fylla út framtal sitt á netinu. Henni fylgdi einnig sá ásetningur að skapa rafrænan feril frá upphafi til enda skattlagningar, þ.e. að hún gæti farið fram án þess að pappírs væri nokkurs staðar þörf eða mannshönd eða auga kæmi að verki. Þetta krafðist endurskipulagningar á öllum verkferlum og vinnubrögðum í skattkerfinu. Bakvinnsluferlin voru endurhönnuð og gervigreindarhugbúnaður þróaður til að skoða og afgreiða framtöl o.s.fr. Starfsmenn í skattkerfinu þurftu að tileinka sér ný vinnubrögð, læra á nýja tækni og ekki síst að þjónusta viðskiptavinum skattsins sem tóku þessum breytingum með miklum ágætum. Það voru ekki bara samskiptin við gjaldendur sem endurskoðuð voru. Öll samskipti innan kerfisins, við skattstofurnar sem og við samstarfsaðila eins og endurskoðendur og bókara voru endurskoðuð og rafræn miðlun notuð eftir því sem kostur var á.

Ég dreg þetta fram hér til að gera það ljóst að árangur hefði aldrei náðst með yfirborðsaðgerðum einum heldur með mikilli vinnu starfsmanna embættisins og skattkerfisins alls. Þessar breytingar voru róttækari en svo að þeim yrði komið í framkvæmd með ákvörðuninni einni. Þær kröfðust innviða kunnáttu og þekkingar, sem hefði ekki verið mögulegt að byggja upp nema fyrir þær sakir að starfsmennirnir samsömuðu sig viðhorfum um bættu þjónustu og voru reiðubúnir til að leggja á sig mikið erfiði og þrotlausa vinnu. Án þessa mikla starfs innan stofnunarinnar og góðs samstarfs við skattstjóra og skattstofur landsins hefði árangur ekki náðst. Með því var okkur innanhandar að standa okkur og ná árangri.

Svarið við því hvernig stóð á því að svo viðtækt samstarf, langt út fyrir veggj embættisins, náðist er e.t.v. ekki augljóst. Ég held að það liggi a.m.k. að hluta til í mannlegu eðli. Fólk vill vel. Fólk vill skila góðu starfi. Þegar ætlast er til breyttra vinnubragða og bættrar þjónustu bregst það vel við og þegar bætt þjónusta skilar sér í velvild og virðingu viðskiptavinanna er það hvatning til að gera enn betur.

Ef ég á að gera tilraun til að draga

saman í stuttu máli hvaða þættir hafi reynst mikilvægir við að ná þeim árangri sem náðst hefur vil ég nefna fimm atriði:

Í fyrsta lagi heildstæð sýn á hlutverk og verkefni stofnunarinnar og stefnumótun sem tók til allra meginþátta í starfseminni.

Í öðru lagi sveigjanlegt skipulag sem aðlagð var verkefnum eftir þörfum.

Í þriðja lagi fagleg og tæknileg þekking starfsmanna.

Í fjórða lagi framsækinn starfsandi.

Í fimmta lagi jákvæð viðbrögð viðskiptavina.

Ef eitthvað af þessu hefði ekki verið til staðar hefði árangurinn orðið annar og minni.

Meðvituð árangursstjórnun í ríkisrekstri hefur verið uppi á borðum í tíu ár eins og tilefni þessarar ráðstefnu ber

með sér. Ég er ekki í vafa um að hún hefur látið ýmislegt gott af sér leiða. Ég verð þó að játa að ég hef vissar efasemdir um hversu langt skuli ganga, svo sem í tilraunum til að brjóta allt niður í einingar í þeim tilgangi að geta mælt árangurinn. Það að gera stjórnendur og starfsmenn meðvitaða um það hlutverk þeirra að bæta starfsemina er að mínu mati mikilvægara en einhver mælanleiki einstakra atriða.

Árangursstjórnun hefur verið beitt innan einstakra stofnana ríkisins. Í mörgum tilvikum eru þessar stofnanir hluti af miklu stærri heild svo sem skattkerfinu, lögreglunni o.s.fr. eða tengjast verkefnum annarra stofnana með einhverjum hætti. Það er spurning hvort ekki væri tímabært að beita árangursstjórnunarsun á breiðari grundvelli en nú er og leggja mat á

hvort árangur og hagkvæmni í heilum málaflökum er með þeim hætti sem best getur verið. Alveg eins og skipulag stofnunar getur skipt sköpum um starfsemi hennar getur skipulag málaflökks og verkaskipan stofnana innan hans haft afgerandi áhrif á árangur viðkomandi kerfis í heild. Fullkomnar einingar í ófullnægjandi heild getur varla verið markmiðið. Ég held að athugun á þessu gæti verið verðugt viðfangsefni á sviði stjórnsýslufræða.

Ég þakka fyrir mig og kveð með orðum Þorsteins Valdimarssonar:

„Að endingu standa sig þeir einir sem vanda sig frá upphafi í því, sem er innanhandar að standa sig í.“



SKÓLAVEFUR **rsk.is**

Hvað þarf ég að vita um skatta?

Vinnur þú í fríum?
Hvað er frítekjumark?
Áttu skattkort?
Er til barnaskattur?
Er skattur af bílum?

Til hvers borgar maður skatta?

Kíktu á rsk.is og smelltu á



Á skólavef rsk.is eru hagnýtar upplýsingar fyrir skólafólk og aðra unglunga

Meistaránám í skattarétti

Ný námsbraut við Viðskiptaháskólann á Bifröst

Ingibjörg Ingvadóttir lögfræðingur starfaði um árabíl hjá skattinum, fyrst á skattstofunni í Reykjavík og seinna hjá ríkisskattstjóra. Hún gegnir nú stöðu lektors við Viðskiptaháskólann á Bifröst og sinnir þar skattaréttinum af heilum hug. Hér á eftir kynnr hún okkur nýtt nám sem þar er í boði og er sérhannað fyrir áhugamenn um skattarétt.

„Í Viðskiptaháskólanum á Bifröst höfum við mikinn metnað til að safna þekkingu á sviði skattaréttar og höfum það markmið að vera leiðandi í rannsóknum skattamálefna hér á landi. Við erum nú að taka upp nýtt nám sem er sniðið að þörfum þeirra sem hafa áhuga á skattarétti, hvort sem það eru starfsmenn innan skattakerfisins eða þeir sem starfa að skattamálum á öðrum vettvangi. Ég hef verið við kennslu hér á Bifröst frá því á árinu 2003 og kenni hér m.a. skattarétt í meistaranámi í viðskiptalögfræði. Skattarétturinn hefur verið mitt hjartans mál en ég hef haft mikinn áhuga á honum að segja má alveg frá því á menntaskólaárunum þegar ég var í sumarvinnu á skattstofunni í Reykjavík.

Frá skattstofuárunum á ég skemmtilegar minningar um gott fólk og það var starfið þar sem kveikti hjá mér áhugann á lögfræðinni. Ég vann þar líka eftir að ég lauk námi og þá á virðisaukaskattskrifstofunni en ég fór síðan til starfa hjá ríkisskattstjóra árið 1996 á gjalda-



Ingibjörg Ingvadóttir starfaði um árabíl hjá skattfirvöldum en kennir nú skattarétt við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

skrifstofu, sem seinna varð virðisaukaskattsskrifstofa. Þar gafst mér tækifæri til að fara í starfsdvöl hjá dönskum skattfirvöldum eða til Told- og skattestyrelsen og Told og skat region København sem er skattstofa í Kaupmannahöfn. Það var sett upp vel skipulögð dagskrá fyrir mig sem var í samræmi við þær óskir sem ég hafði sett fram um hvað ég vildi læra og þarna var ég frá morgni til kvölds í fræðslu. Ég fékk m.a. að fara í kynnisferð á tollstöð á Jótlandi, í skattaráðuneytið og í landsskattaréttinn sem er þeirra yfirskattanevnd. Starfsmenn í skattakerfinu í Danmörku eru vel menntaðir, enda hafa þeir öflugan skattaskóla sem er allt upp í fjögurra ára nám. Starfsmenn eru ýmist menntaðir þaðan, hafa lögfræði- eða viðskiptafræðipróf eða samþæriglegt nám að baki.

Þessi námsdvöl hefur verið mér mjög hugleikin og vakti mig til umhugsunar um hvort ekki mætti efla fræðslu í skattarétti hér heima. Það segir sig

auðvitað sjálft að þörfin fyrir þekkingu eykst í skattageiranum eins og annars staðar enda eru orðnar svo margar sérhæfðar greinar innan skattaréttarinnar að það er erfitt að kunna þetta allt. Skattareglur eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða einstaklinga, rekstraradila eða lögaðila, og eftir því hvort um er að ræða tekjuskatt, virðisaukaskatt eða fjármagnstekjuskatt svo eitthvað sé nefnt. Þá þarf að þekkja til alþjóðlegra skattlagningarreglna og ekki má gleyma skattastjórnsýslunni.

Námið, sem við erum nú að bæta við þá kúrsa sem við höfum í skattarétti, heitir meistaranám í skattarétti. Það er algjör nýjung að bjóða upp á svona sérhæft nám í skattarétti hér á landi. Það er opið öllum sem hafa prófgráðu frá háskóla og það er hægt að stunda með vinnu og fer að mestu leyti fram sem fjarnám, en síðan eru svokallaðar sumarlotur sem taka fjórar til fimm vikur. Þetta er 45 eininga nám, og við hönnun á því horfðum við m.a. til Dan-



Meistaránámið í skattarétti fer að mestu fram sem fjarnám á veturnum, en á sumrin eru svokallaðar sumarlotur og þá fer námið fram á Bifröst. Þessi mynd er tekin af Ingibjörgu í fállegu umhverfi á Bifröst.

merkur og þá sérstaklega til náms sem kallast master í skat, og master í moms og afgifter. Eftir að hafa greint þarfirnar hér heima settum við upp ákveðin kjarnafög og þar er fyrsta sumarlotan hugsuð sem nokkurs konar inngangsræði. Þar erum við með fag sem heitir inngangur að lögfræði, sem er í stórum dráttum það sem kölluð er „Almenn lögfræði“, þ.e. aðferðafræði lögfræðinnar. Svo erum við með inngang að félaga- og skattarétti og þriðja fagið sem kennt er í sumarlotu er reikningsskil og skattskil, líka inngangskúrs. Það fer eftir bakgrunni nemenda sem við fáum til okkar hvort þeir þurfa að taka þessi fög sem skyldu eða hvort þeir fá að velja eitthvað fag í staðinn. Lögfræðingur sem kæmi í þetta nám þyrfti t.d. ekki að taka inngang að lögfræði en viðskiptafræðingur þyrfti þess og viðskiptafræðingurinn þyrfti ekki að taka reikningsskil og skattskil en það þyrfti lögfræðingurinn að gera.

Á vetrarönn eru skyldukúrsar í fjar-

námi sem eru skattlagning rekstrar, alþjóðlegur skattaréttur, virðisaukaskattur, samruni og yfirtökur þar sem er t.d. mikið komið inn á svokallaðar áreiðanleikakannanir. Síðast en ekki síst er það skattarefsiréttur og stjórnslan, þ.e. sjálft skattkerfið, hvernig menn bera sig að, hvaða heimildir skattstjóri hefur og hvernig hann þarf að haga sinni málsmeðferð. Á sumarönn 2007 verður síðan tekinn fyrir evrópskur félaga- og skattaréttur. Þá eru allir skyldukúrsar upptaldir en eftir standa nokkrar einingar sem eru þá valfög og þá má velja úr því meistaránámi sem stendur til boða á Bifröst, það er meistaránámi í lagadeildinni, viðskiptadeildinni eða svokallaðri félagsvísindadeild. Ef við tölum um meistaránám í lagadeildinni þá erum við nú komin með þrjár línur, elsta línan er ML, þ.e. meistaránám í lögfræði og það er fyrir þá viðskiptafræðinga sem vilja fá fullgilt lögfræðipróf en til þess þurfa þeir að bæta við réttarfari o.þ.h. Síðan er MS sem

meistaránám í viðskiptalögfræði sem er þá áframhaldandi nám í viðskiptalögfræði með mikla áherslu á skattarétt og svo er það skattarétturinn sem ég hef lýst hér að framan.

Ég hef rakið hér svona í grófum dráttum uppbyggingu á náminu í skattaréttinum en það má jafnframt segja frá því að í samvinnu við ríkisskattstjóra er meiningin að setja upp starfsfræðslu fyrir starfsfólk skattýfirvalda sem að mestu leyti gæti farið fram í fjarnámi. Við erum að vinna að nánari útfærslu á þessu námi og til að byrja með yrði nám fyrir skattendurskoðendur, það er almennar skattlagningarreglur o.s.frv. sem yrði einskonar grunnnám.”



frá París til Verdun

Herra forseti. ... nú er ... farin sú leið að leggja flatan nefskatt á sérhvern skattskyldan einstakling í þjóðfélaginu, unglunga og upp úr. Alveg burtséð frá hinu virðingarverða verkefni sem hér er um að ræða, hverju nafni sem þessi skattheimta er nefnd, er hér auðvitað um að ræða hækkun á tekjusköttum sem nemur 1%. ... En málið er það, að vitaskuld ætti ekki að fara þessa leið. ... Og af hverju er þetta röng leið? Vegna þess að stóri bróðir má gæta sín. Skattar af þessu tagi eru til þess fallnir að fara hreinlega í taugarnar á fólki og það með réttu. Málið er auðvitað það, að hversu óendanlega virðingarvert verkefni sem auknar byggingar til handa öldruðum eru, sem þær vissulega eru, úr því skal hvergi dregið, megum við ekki gleyma að fjölmörg önnur félagsleg verkefni af þessu tagi bíða. Hvað með vandamál þroskaheftra eða vandamál geðsjúkra? Eigum við hv. þm. að fara hér í kapphlaup um að leggja til nefskatt af þessu tagi, að negla niður verkefni af þessu tagi og setja þingbræður okkar og systur upp við vegg? Ég held að þessi aðferð sé af mörgum ástæðum bæði vitlaus og beinlínis óheppileg.

Vilmundur Gylfason á Alþingi 20. maí 1981.

Fjölbreytileiki skatta

Stjórnámálamönnum verður tíðrætt um skattheimtu og þarf það ekki að koma á óvart. Þeir eru kosnir til að greina hvar peninga er þörf svo þjóðfélagið starfi rétt og framfarir verði sem mestar. Vitaskuld eru þeir hvorki sammála um leiðir eða markmið, enda væri þá til lítils að hafa kosningar, en allir vilja þeir hag og sóma lands vors og þjóðar sem mestan. Þeir starfa öðrum fremur við það að velja og hafna. Skattheimtan og krónufjöldinn setja þeim mörk. Nú greinir menn ekki bara á um skattbyrðina, heldur einnig um aðferðafræðina. Hvernig skatta á að leggja? Eiga þeir að vera beinir eða óbeinir, flatir eða tekjutengdir?

Frá sjónarhorni þeirra sem fjalla um ríkisfjármál er afar óheppilegt að marka tekjustofna einhverju einu verkefni. Slíkt getur leitt til þess að verkefnum sem eru fjármögnuð með svokölluðum eyrnamerknum fjármunum verði gert

hærra undir höfði en hinum. Því stærri hluti ríkistekna sem markaður er, þeim mun lakar gegna fjárlögin því hlutverki að jafna niður fánlegu fjármagni á þær þarfir, sem nauðsynlegt er talið að fullnægja. Í tilvitnuninni hér á undan er Vilmundur heitinn Gylfason að mótmæla upptöku nefskatts og hnippir fast í stóra bróður. Fólk hefur samt ekki andmælt þessum skatti svo orð sé á gerandi þótt hann hafi þrefaldast að verðgildi á þeim aldarfjórðungi sem liðinn er síðan hann var lagður á. Hins vegar varð allt vitlaust í Bretlandi þegar Margrét Thatcher lagði á nefskatt árið 1990 og Járnfúrinn hrökklaðist frá völdum, eins og menn muna.

Hér er ekki ætlunin að fjalla um álagningu nefskatts, heldur um það hvernig nefskattur breyttist úr almennum skatti í sértækan skatt sem eingöngu var lagður á til að fjármagna ákveðin eyrnamerkt verkefni.



Jóhannes
Hraunfjörð
Karlsson

Allar leiðir liggja til Rómar

Þegar litið er um öxl og til meginlands Evrópu má segja að skipuleg skattheimta á stórum landsvæðum hefjist með veldi Rómverja. Skattlendurnar teygðust til allra átta og þar komst á nokkuð stöðugt ástand, þar sem höfðingjar áttu áður í erjum. Júlíus Sesar batt enda á Gallastríðin og hóf skattheimtu í Gallíu. Svo hnignaði Rómaveldi og fram kom konungssætt Mervíkinga sem kennd er við ættföðurinn, Merovik. Hann var konungur Franka, þ.e. frjálsra manna. Frankar er samheiti yfir marga germanska ættflokka og töldu þeir sig einmitt frjálsa af því að þeir voru undanþegnir nefskatti. Mervískum konungum auðnaðist ekki að efla miðstýringu í landi sínu og því tóku léns herrar smám saman við skattheimtu og völdum í héraði. Upphaf þessa skeiðs má rekja til tilskipunar konungs um opinbera stjórnsýslu í París árið 614, þar sem álagning nýrra skatta var svo gott sem bönnuð, og því lauk með Verdun-samkomulaginu árið 843, sem markar upphaf sjálfstæðra ríkja í Evrópu og þar með endalok sameinaðrar Evrópu.

Með falli Rómaveldis 476 tóku Frankar við stórum hluta landsvæðis þeirra. Fyrsti konungur þeirra sem nokkuð kvað að var Klovís sem ríkti frá 481 til 511. Hann tók kristni árið 496, líklega af pólitískum ástæðum, en kristni átti eftir að gegna stóru hlutverki



í ríki Franka. Þeir voru slyngir stjórnendur og gerðu sér strax grein fyrir því að betra var að láta þær þjóðir sem þeir hertóku halda síðum sínum heldur en að þröngva sínum síðum upp á þær. Hér má t.d. nefna Bretóna, Baska og Slava en ríki Franka náði svo til yfir allt það svæði sem Evrópusambandið spannar nú.

Vikist undan nefskatti

Mervíkingar freistuðu þess í lengstu lög að halda stjórnskipulagi Rómverja, og þar með skattkerfinu. Skattar voru tvenns konar, nefskattur og landskattur. Nefskatt þurftu þeir einir að greiða sem ekki áttu land og greiddu þar af leiðandi ekki landskatt. Þar með var nefskatturinn líka ótvíræð vísbending um að viðkomandi stæði ekki hátt í þjóðfélagsstiganum. Frankar litu svo á að með því að gjalda nefskatt væru þeir að lúta í lægra haldi fyrir konungi og afsala sér frelsi sínu að nokkru leyti. Þetta skerta frelsi birtist líka með ýmsu móti. Þeir sem guldu nefskatt gátu til dæmis ekki orðið klerkar nema að fengnu leyfi konungs eða umboðsmanns hans, en klerkar voru undanþegnir nefskatti. Ef

konungur hefði ekki haft þennan varnagla á má eins búast við því að allir hefðu viljað verða prestar, slík var andstaðan við skattinn.

Nefskattinn greiddu menn sjálfir, eða einhver nákominn greiddi hann fyrir viðkomandi. Menn greiddu skattinn fyrir börn sem þeir höfðu á framfæri sínu þó svo börnin bæru ábyrgð á honum. Þetta fyrirkomulag hefði getað leitt til stórfelldra barnamorða en menn virðast hafa tekið þessu ákvæði með nokkrum fyrirvara. Þá greiddu jarðeigendur skatt fyrir þá sem þeir höfðu í vinnu. Af þeim fáu heimildum sem til eru má ráða að hermenn meðal Franka hafi verið undanþegnir nefskatti. Montesquieu segir að frjáls Franki hafi ekki þurft að greiða skatt og þar á hann aðeins við nefskattinn. Þetta orðaði krónikuritari sem samtíða var Mervíkingum með afar skýrum hætti:

maður telst ekki frjáls nema nafn hans sé hvergi að finna á skattskrá

Þess má geta að í upphafi 20. aldar þótti fínt að komast á skattskrá héraendis. Menn voru stoltir af að greiða

það sem þeim bar til samfélagsins, að vera maður með mönnum eins og sagt var. Góðu heilli fyrir þjóðarheildina, þ.e. almannaheill, eimir enn af þessum hugsunarhætti.

Samtíma frásagnir

Grégoire frá Tours var biskup og sagnaritari. Hann fæddist 538, varð biskup í Tours 573 og lést þar árið 594. Hann skrifaði sögu Franka og er bók hans full af frásögnum um atburði sem hann bæði varð vitni að og upplifði. Lýsingar hans þykja nokkuð trúverðugar. Það skal þó hafa í huga að hann var Rómverji en ekki Franki. Lýsingar hans eru ekki alltaf hlutlausar. Í króníku sinni greinir hann m.a. frá átökum alþýðu og skattheimtumanna konungs árið 579. Upp úr sauð þegar nýr skattur var lagður á, og skyldi jarðeigandi gjalda í víni miðað við flatarmál lands, auk annarra skatta sem miðuðust meðal annars við fjölda vinnumanna. Konungur brást hinn versti við þegar menn neituðu að greiða skattinn og lagði á refsiskatta.

Upp úr þessu tók drepsótt að herja á landsmenn og varð konungur bráðveikur. Mjög dró af honum og Friðgunnur konungsmóðir krafðist þess þá að hann brenndi allar skattskýrslur og skattheimtukröfur áður en yfir lyki. Þetta gerði hann. Drottningin virðist hafa kennt óhóflegri skattheimtu um drepsóttina og fyrir henni mun hafa vakað að rétta hlut smælingjans með athæfi sínu, fremur en að tryggja sáluhjálp sonar síns. Þess má geta að Friðgunnur lét sér ekki allt fyrir brjósti brenna og endurspeglast saga hennar meðal annars í Niflungahringnum.

Kirkjan kemur til skjalanna

Það er ljóst að Frankar þöldu illa skatta og gerðu allt til að losna undan þeim. Á valdatíma Mervíkinga losnaði smám saman um hið miðlæga vald sem Galló-Rómverjar höfðu byggt upp. Þær skyldur og störf sem verið höfðu í höndum ríkisins sáu nú borgararnir um sjálfir eða þeim var komið í hendur kirkjunnar (fátækrahjálp og skráning fæddra, dáiinna og giftinga).

Parísartilskipun frá 614 markar ákveðin tímamót í skattheimtu. Samkvæmt henni var nánast ómögulegt fyrir miðstjórnarvaldið að leggja á nýja skatta. Kom þar margt til. Í fyrsta lagi var komið á vísu að lýðræði í héruðunum, þ.e. skattgreiðendur viðkomandi héraðs höfðu rétt til að mótmæla skattlagningu, teldu þeir skattinn ranglátan, og voru þá yfirvöld neydd til að rannsaka málið og afleggja skattinn. Í öðru lagi skyldi landstjóri valinn úr héraði en það var breyting frá því sem áður var. Með tímanum veiktist konungsvaldið með myndun svokallaðs kunningja-samfélags því landstjóri hneigðist jafnan til að sýna málefnum sveitunga sinna meiri skilning en málefnum konungs. Á tímum Karlunga styrktist vald landstjóra til muna og urðu þeir sjálfstæðir valdsmenn í héraði og sumstaðar gekk embættið í erfðir. Þar með gat konungur ekki sett landstjórana af með góðu móti. Í þriðja lagi varð landstjóri að samþykka viðkomandi skatt, og fyrir bragðið var enginn nýr skattur lagður á, hvorki fyrir héraðið né konungsdæmið.

Áar Karlamagnúsar

Karlungar komust til valda í lok 7. aldar. Ættfaðir þeirra, Pippín frá Herstal, hóf feril sinn sem bryti konungs. Hann gerði embættið arfgengt og lagði þar með hornsteininn að veldi Karlunga. Að sama skapi hnignaði veldi Mervíkings. Pippín stutti setti síðan síðasta Mervíkingsinn af árið 751 með stuðningi Páfadóms. Þá stóð veldi Býsans höllum fæti og gat ekki veitt páfa vernd. Múslimar höfðu ráðist á Evrópu og lagt verslun og borgir í rúst. Karlungar tóku þá páfa undir sinn verndarvæng. Páfi skírði alla fjölskylduna og Karlungar og páfadómmur tengdust órjúfanlegum böndum. Pippín stutti færði páfa m.a. Mið-Ítalíu að gjöf. Hann stofnaði þar með Páfagarð og klauf Ítalíu í þrennt en hún sameinaðist ekki aftur fyrr en 1870.

Skattkerfið gekk sér til húðar þar sem yfirvöld létu jarðabækur og skattskrár grotna niður. Þess í stað birtist handahófskennd skattheimta, þar sem menn konungs riðu um héruð og hirtu

það sem þeim sýndist. Skattheimtan fólst nánast í gripdeildum. Kirkjan gerði allt sem hún gat til að losna undan greiðslu skatts og kvaðst þá frekar geta sinnt fátæklingum. Sveitarskatturinn færðist smán saman til klaustra og kirkna í formi leigu og annarra kvaða. Þannig sameinaðist landskatturinn og landleigan tíundinni, sem kirkjan notaði síðan ¼ af til fátækrahjálpar.

Erfitt er að segja til um það hve skattbyrðin var þung, en konungseignir einar voru undanþegnar skatti, sem hélst jafnvel þótt konungur gæfi eignirnar. Þessar undanþágur grófu undan skattkerfinu með tímanum því konungur fékk æ fleiri eignir að gjöf. Gjöfin breytti litlu fyrir gefendurna. Þeir sátu áfram á eigninni og nýttu landið en sluppu við að greiða skatt. Ekki skánaði ástandið þegar land kirkjunnar var undanþegið skatti. Hér kom þó fleira til. Jarðabókum var ekki haldið við. Erfðir og eignasala voru ekki skráðar og því ekki hægt að rekja eignaskiptin, sem leiddi til þess að ekki var hægt að veðsetja eignina. Sýslur og klaustur voru látin greiða eina summu af öllu landi í skatt. Það sama gerðist með nefskattinn. Dánir voru ekki stríkaðir út úr skatttalinu og nýir þegnar ekki skráðir. Hins vegar fóru stjórnvöld að taka manntal á nokkra ára fresti.

Á tímum Karlunga hvarf landskattur og nefskattur. Í staðinn kom þegn-skylduvinna í þágu ríkisins, einkum herskylda og gjafir en um margskonar aðra vinnu var einnig að ræða í þágu samfélagsins. Samhliða þessu dró úr valdi ríkisins, sérstaklega eftir dauða Karlamagnúsar 814, og tollar urðu ein helsta tekjulindin, en þeir voru yfirleitt eyrnamerkir ákveðnu verkefni, s.s. brúartollar og vegatollar, og runnu til héraðs eða léns, en ekki til ríkisins. Karlungar gerðu kirkjuna að stofnun, sem bar ábyrgð á fátæklingum, ekkjum og gamalmennum. Biskupar höfðu vald í héraði til að leggja á skatta og nutu friðhelgi.

Upp úr þessu spratt lénskerfið, þar sem germanskar og rómverskar venjur mættust og runnu saman. Hugmyndin að baki var sambandið milli herrans og skósvainsins, sá fyrrnefndi lét svein-

inum í té vernd og skjól gegn þjónustu og ráðgjöf hins síðarnefnda. Þess má geta að orðið sveinn eða þjónn í merkingunni lénsmaður, þýðir það sama og bretónska orðið gwas sem franska orðið garçon er dregið af.

Upphaf tíundar

Víkur nú sögunni aftur til Karlunga. Pippín frá Herstal og Karl Martel sonur hans gáfu mönnum sínum mikið land til að tryggja hollustu þeirra samkvæmt lögmáli lénskerfisins. Karl tók til dæmis allt land kirkjunnar í einu héraða sinna og færði lénsmönnum sínum. Kirkjan missti þar með allar tekjur sínar og gat hvorki séð um fátæktarmálin né helgihald. Pippín stutti, sonur Karls Martels, gerði sér hins vegar grein fyrir því að þetta gæti grafið undan ríkinu, en vildi ekki láta viðskiptin ganga til baka, slík var hollusta hans við páfa. Leiðin út úr þessari úlfakreppu fólst í að láta lénsmennina gefa konungi landið, en þeir fengu eftir sem áður öll afnot af því eins og þeir ættu það, gegn einu skilyrði. Þeir urðu að greiða kirkju og klaustrum tíund af öllu sem landið gaf af sér. Í staðinn urðu þeir lausir allra mála við konung utan venjulegrar ráðgjafar og herþjónustu.

Þessi ráðstöfun Pippíns stutta fæddi ekki aðeins af sér tíundarkerfið, heldur varð tíundarkerfið og lénskerfið í reynd eitt og sama kerfið. Karlungar stunduðu þessar tilfærslur á landi grimmt áfram, og ekki bara með landeignir kirkjunnar heldur einnig með sitt eigið land. Upphaf tíundar á Vesturlöndum er almennt talið vera bréf Pippíns stutta til Lulls biskups í Mainz árið 765, en með skilgreiningu Karlamagnúsar á veraldlegu og kirkjulegu valdi í Herstal 779 varð hún opinber skattur. Karlungar lögðu á tíund á öll þau landsvæði sem þeir juku við ríki sitt. Lénskerfið breiddist út um allt Frakkland eins og eldur í sinu og hélst þar nánast óbreytt næstu þúsund árin eða þar til stjórnarbyltingin umturnaði landinu 1789. Hérlandis komst tíundin hins vegar ekki á fyrr en 1096 og datt upp fyrir án blóðsúthellinga árið 1914.

Evrópa fyrr og síðar

Íbúar Frankaríkis voru ekki ósvipaðir íbúum Evrópu nú, margar þjóðir hver með sín sérkenni, og í reynd var það konungsdæmið eitt sem hélt ríkinu saman. Land og konungsdæmi voru eitt og hið sama og tilheyrði konungi skilyrðislaust. Límingin sem hélt þessum ólíkum þjóðum saman var skattheimtan. Þegar dró úr henni breyttust skyldur manna gagnvart konungi og tengslin rofnuðu. Margt kom þar til. Parísartilskipunin frá 614 bannaði svo til alveg álagningu nýrra skatta. Aukið vald fór til héraða samhliða því sem kirkjan tók að sér fleiri og fleiri störf í þágu ríkisins með tilkomu tíundarinnar. Lénsskipulagið fylgdi í kjölfarið. Konungsdæmið varð fyrir árásum víkinga úr norðri, múslima úr suðri og Slóvaka úr austri. Verslun og viðskipti með peningum féllu alveg niður og vöruskipti voru tekin upp þess í stað. Þá þekktist frumburðarréttur ekki meðal Franka,

þar sem elsti sonurinn erfði allt ríkið til að halda ríkinu saman, heldur skiptist ríkið upp meðal sonanna. Þetta kom þó ekki að sök því vegna innbyrðis deilna og morða endaði ríkið ætíð hjá einum þeirra, eða þar til Lúðvík guðhræddi sonur Karlamagnúsar lést, en þá skiptu synir hans ríkinu upp á milli sín með Verdun-samkomulaginu 843.

Þegar hér var komið sögu var horfið frá almennri skattheimtu í Evrópu. Í staðinn komu kvaðir og nefskattar, sem voru innheimtir vegna sérstakra verkefna, aðallega þó til að fjármagna stríðsrekstur. Almennur stighækkandi tekjuskattur kom ekki til sögunnar fyrr en um miðja 19. öld, fyrst á Bretlandseyjum og þaðan breiddist hann fljótt út um hinn vestræna heim. Hérlandis komst hann á 1877. Á 20. öld eru nefskattar svo til horfnir. Hérlandis var t.d. sóknargjaldið lengi vel nefskattur eða fram að staðgreiðslu skatta árið 1988, sömuleiðis almannatryggingagjaldið og

sjúkrasamlagsgjaldið, eða þar til þau voru afnumin 1972. Þessi gjöld eru nú inni í almennum skatti, sem hefur svipaða stöðu og nefskatturinn í upphafi hjá Rómverjum. Eini nefskatturinn sem enn er innheimtur hér á landi er skattur í Framkvæmdasjóð aldraða.

Helstu heimildir:

Alþingistiðindi: sótt 20. maí 2006.

<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=4965<hing=103&dalkur=4733>.

Constable, Giles: Monastic Tithes. From Their Origins to The Twelfth Century. Cambridge University Press 1964.

Grapperhaus, Ferdinand H. M.: Taxes, Liberty and Property. The role of Taxation in Democratization and National Unity 511-1787. Amsterdam 1989.

Mckitterick, Rosamond: The Kingdoms Under The Carolingians 751-987. London 1983.



Bjarne Hope

Bjarne Hope, ríkisskattstjóri í Noregi, lést 30. júní sl. Bjarne, fæddur 1944, verkfræðingur að mennt, hafði gegnt starfi ríkisskattstjóra í Noregi frá 1995 og staðið fyrir umfangsmiklum breytingum á skipulagi skattastjórnsýslu í Noregi.

Bjarne var áhugasamur og mikilvirkur í samstarfi Norðurlandanna í skattamálum. Þrátt fyrir erfiðan sjúkdóm sat hann fund ríkisskattstjóra Norðurlanda í Danmörku um miðjan júní sl. fullur af hugmyndum og bjartsýni. Bjarne hafði mikinn áhuga á Íslandi og góða þekkingu á sögu landsins og tengslum Íslands og Noregs. Hann var ætíð reiðubúinn til að greiða götu íslenskra skattyfirvalda og veita þeim aðstoð, ráð og upplýsingar hvenær sem til hans var leitað.

Meðfylgjandi mynd er tekin af Bjarne á ríkisskattstjórafundi Norðurlanda í Stykkishólmi í júní 2002 um borð í skipi á Breiðafirði þar sem hann sýnir félögum sínum hvernig borðað er úr nýveiddri hörpuskel.



Álagning

einstaklinga 2006



Páll
Kolbeins

Skattstjórar hafa nú lokið við að leggja skatta á tekjur ársins 2005.

Alls voru 241.334 framteljendur á skattgrunnskrá en þar af áætluðu skattstjórar tekjur og skatta 13.637 gjaldenda. Almennt má segja að niðurstöður álagningar beri vitni um mikinn uppgang undanfarinna ára, skattar á tekjur hækka umtalsvert. Þá hækka eignir umfram skuldir. Hér á eftir verður tæpt á því helsta sem telja má markvert við niðurstöður álagningar árið 2006.

Skattskyldar tekjur aukast um 16,8%

Skattskyldar tekjur einstaklinga jukust um rúmlega 100,8 milljarða á milli ára eða 16,8%, samanborið við 9,9% hækkun milli árunna á undan. Stóran hluta tekjuaukningarinnar, eða 45%, má rekja til mikillar hækkunar fjármagnstekna, en þær hækkuðu um 60,8%. Skattskyldar tekjur voru nú samtals 702,3 milljarðar en 601,4 milljarðar árið á undan. Tekjuskatts- og útsvarsstofn hækkaði um 10,5%, fór úr 526,8 milljörðum í 582,3 milljarða. Stofninn hefur því vaxið um tæpa 55,5 milljarða milli ára miðað við 43,5 milljarða hækkun milli árunna þar á undan. Tekjur hafa hækkað verulega á undanförnum árum og um 64,2% frá árinu 2000. Af einstökum tekjuliðum hækkuðu framtalin laun og aðrar starfstengdar greiðslur mest þ.e. um 13% eða 54,3 milljarða, fóru úr 417,7

milljörðum í 472,0 milljarða. Milli árunna 2004 og 2005 hækkuðu sömu tekjuliðir um 25,9 milljarða, eða 6,6%. Nú töldu 167.240 framteljendur fram laun og starfstengdar greiðslur samanborið við 163.592 framteljendur árið 2004. Fjölgunin er því um 2,2% milli ára, sem er talsvert meiri fjölgun en milli árunna á undan en þá var fjölgunin um 0,5%.

Reiknað endurgjald af vinnu við eigin atvinnurekstur hækkaði um 74 m.kr. var 15,1 milljarður. Þeim sem reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur fækkaði enn á milli ára, úr 17.750 í 17.188, eða um 3,2%, en frá árinu 1999 hefur þeim fækkað um 29% sem helst í hendur við mikla fjölgun einkahlutafélaga.

Hreinar tekjur eða hagnaður af vinnu við eigin atvinnurekstur var nú 6,3 milljarðar, eða 698 milljónum meiri en í fyrra, sem er 12,4% hækkun milli ára. Þeim sem telja fram hreinar tekjur af atvinnurekstri fjölgar um 244 frá fyrra ári, úr 13.171 í 13.415. Það lítur því ekki út fyrir að einyrkjar fari almennt varhluta af góðærinu.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum nema 34,2 milljörðum og hækka því enn mikið á milli ára, eða um 3,8 milljarða, sem er 12,5% hækkun. Nú töldu 40.596 fram greiðslur úr lífeyrissjóðum, samanborið við 39.511 í fyrra og hefur þeim því fjölgað um 1.085 á milli ára, eða um 2,7%.

Þá hækkuðu greiðslur frá Tryggingastofnun um tæpan 1,5 milljarð, sem er 4,9% hækkun. Alls námu greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins tæpum 32 milljörðum árið 2005, samanborið við 30,5 milljarða árið á undan. Þeim sem telja fram greiðslur frá Tryggingastofnun fjölgaði um 230, úr 46.636 í 46.866

eða um 0,5%. Framteljendum sem fá greiðslur frá Tryggingastofnun hefur fækkað um 930 frá árinu 1996. Framtaldar atvinnuleysibætur námu 2,4 milljörðum sem er 1.041 milljón minna en árið á undan. Framteljendum sem töldu fram bætur fækkaði einnig umtalsvert eða um 3.017 á milli ára, eða 26,5%. Nú töldu 8.363 fram atvinnuleysibætur, samanborið við 11.380 árið 2004.

Fjármagnstekjur hækka um 60,8%

Landsmenn töldu fram tæpa 120 milljarða í fjármagnstekjur. Þær voru 74,6 milljarðar við álagningu í fyrra og hafa þær því hækkað um 45,4 milljarða á milli ára eða 60,8%. Milli árunna 2004-2005 var 20% hækkun tekna vegna fjármagnstekna og 45% milli árunna þar á undan. Fjármagnstekjur hækkuðu um 16,9% frá fyrra ári og um 40,2% árið áður. Hluttur fjármagnstekna í skattskyldum tekjum hefur aukist stöðugt síðastliðinn áratug. Þær eru nú 17,1% skattskyldra tekna, samanborið við 9,0% við álagningu 2003, 6,5% við álagningu 2000 og 2,2% við álagningu 1996.

Af einstökum liðum fjármagnstekna hækkaði söluhagnaður mest, eða um 30,2 milljarða. Framtalin söluhagnaður var 36,7 milljarðar í fyrra en var nú 66,9 milljarðar og nemur hækkunin því um 82,3% á milli ára. Á undanförnum árum hefur söluhagnaður aukist verulega. Árið 2000 var söluhagnaður 7,6 milljarðar og hefur hann því hækkað um 780% frá þeim tíma. Á sama tíma og söluhagnaður eykst fækkar þeim sem telja fram söluhagnað af hlutabréfum. Þeir tæpu 62,8 milljarðar sem taldir voru fram af söluhagnaði vegna hlutabréfa koma nú í hlut 9.079 framteljenda. Árið 2004 nam söluhagnaður

Framtöl einstaklinga 2003 til 2006 - Skattskyldar tekjur einstaklinga

(í milljónum króna)	Skattskyldar tekjur						Fjöldi framteljenda með tekjur					
	Upphæðir				Breytingar '05-'06		Fjöldi með tekjur				Breytingar '05-'06	
	2003	2004	2005	2006	Milljónir kr.	%	2003	2004	2005	2006	Fjöldi	%
Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.:												
Laun, starfst.gr. o.fl.	370.270	391.838	417.734	471.962	54.228	13,0%	160.505	162.767	163.592	167.240	3.648	2,2%
Bifreiðahlunnindi	-	-	-	2.836	*	*	-	-	-	5.043	*	*
Önnur hlunnindi	-	-	-	2.683	*	*	-	-	-	14.917	*	*
Ökutækjastyrkur	5.544	5.761	5.845	6.323	478	8,2%	32.732	32.954	33.253	34.776	1.523	4,6%
Dagpeningar	5.256	5.380	5.771	6.184	413	7,2%	22.221	23.210	23.667	25.376	1.709	7,2%
Reiknað endurgjald	15.470	15.493	15.054	15.127	74	0,5%	19.817	19.080	17.750	17.188	-562	-3,2%
Greiðslur frá Tryggingastofnun	24.802	27.856	30.461	31.948	1.488	4,9%	45.120	46.247	46.636	46.866	230	0,5%
Greiðslur úr lífeyrissjóðum	24.963	27.791	30.361	34.150	3.789	12,5%	37.139	38.508	39.511	40.596	1.085	2,7%
Aðrar tekjur	2.474	3.005	3.552	3.481	-71	-2,0%	19.248	25.677	29.997	34.745	4.748	15,8%
Húsaleigubætur, aðstoð og styrkir	905	1.014	1.016	971	-45	-4,5%	4.408	4.694	4.022	3.413	-609	-15,1%
Atvinnuleysisbætur	2.299	3.317	3.458	2.417	-1.041	-30,1%	10.298	12.759	11.380	8.363	-3.017	-26,5%
Styrkir vegna náms, vísindstarfa o.fl.	574	707	858	946	88	10,2%	10.382	13.141	15.454	16.630	1.176	7,6%
Tekjur erlendis frá	100	129	122	141	20	16,2%	108	114	103	150	47	45,6%
Bakfærður frádráttur v/hlutabréfakaupa	42	27	19	17	-2	-10,5%	375	236	150	55	-95	-63,3%
Samtals:	452.697	482.319	514.251	573.668	59.417	11,6%						
Hreinar tekjur af atvinnurekstri	5.890	5.600	5.637	6.335	698	12,4%	14.183	13.802	13.171	13.415	244	1,9%
Áætlun												
Áætlaður tekjuskattstofn viðbót	32.148	26.240	39.088	39.061	-26	-0,1%	11.777	10.225	13.586	13.626	40	0,3%
Áætlað álag á tekjuskattstofn	2.636	2.243	3.145	2.924	-220	-7,0%	11.588	9.348	12.708	12.634	-74	-0,6%
Samtals:	34.784	28.483	42.232	41.986	-247	-0,6%						
Frádráttur frá launum o.fl.												
Kostnaður á móti ökutækjastyrk	3.655	3.724	3.669	3.953	284	7,8%	27.220	27.829	27.996	29.115	1.119	4,0%
Frádráttur vegna dagpeninga	4.955	5.106	5.483	5.684	201	3,7%	20.262	21.087	21.504	22.599	1.095	5,1%
Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð	14.619	15.560	16.535	18.562	2.027	12,3%	162.619	165.752	166.600	170.010	3.950	2,4%
Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð, 4%	5.800	6.800	7.626	9.521	1.895	24,8%	70.566	77.107	83.400	94.752	11.352	13,6%
Fjárfesting í atvinnurekstri	606	-	-	-	*	*	5.518	-	-	-	-	-
Frádráttur vegna náms og vísindastyrkja	390	457	566	622	56	10,0%	7.328	8.962	10.553	10.981	428	4,1%
Frádráttur vegna annarra styrkja	214	301	311	301	-10	-3,3%	4.396	7.373	6.926	5.503	-1.423	-20,5%
Samtals:	30.237	31.949	34.190	38.643	4.453	13,0%						
Lækkun skv. 66. gr.	1.899	1.113	1.112	1.078	-34	-3,1%	11.449	11.262	10.875	10.144	-731	-6,7%
Tekjuskatts- og útsvarstofn	461.243	483.344	526.822	582.278	55.456	10,5%	211.666	214.371	218.364	222.486	4.122	1,9%
Fjármagnstekjur	45.528	63.837	74.597	119.980	45.382	60,8%	74.436	76.924	77.080	84.680	7.600	9,9%
Skattskyldar tekjur samtals	506.770	547.180	601.419	702.258	100.839	16,8%						
Fjöldi framteljenda á grunnskrá							226.462	229.665	234.437	241.344	6.907	2,9%

11.434 framteljenda, vegna hlutabréfa, 34,9 milljörðum. Á meðan söluhagnaður af hlutabréfum vex um 80% milli ára, fækkar þeim sem telja fram söluhagnað af hlutabréfum um tæplega 21%.

Arður af hlutabréfum hækkaði einnig mikið á milli ára. Nú töldu framteljendur fram 24,7 milljarða í arð af innlendum og erlendum hlutabréfum á framtölum samanborið við tæpa 14,5 milljarða í fyrra. Þetta er um 10,2 milljörðum, eða 70,6% meiri arður en í fyrra. Fleiri telja fram arð af hlutabréfum í ár en í fyrra. Við álagningu í fyrra töldu 36.830 fram arð af innlendum hlutabréfum en í ár voru þær 40.912, rúmlega 11,1% fleiri en í fyrra.

Framtaldir vextir af verðbréfum og innstæðum hækkuðu einnig mikið á

milli ára. Vextir af innstæðum og verðbréfum voru tæpir 24 milljarðar nú samanborið við 19,3 milljarða í fyrra. Þetta er hækking um tæpa 4,7 milljarða eða 24,3%. Vextir af innstæðum í bönkum voru nú tæpir 11,2 milljarðar samanborið við tæpa 8,7 milljarða í fyrra. Þetta er hækking um 2,5 milljarða, eða 28,8%. Vextir af verðbréfum hækkuðu einnig mikið, úr 10,6 milljörðum í 12,8 milljarða. Þetta er hækking um 2,2 milljarða, eða 20,5% á milli ára. Talsvert fleiri telja nú fram innstæður en í fyrra eða 60.663 samanborið við 55.360 í fyrra. Hefur þeim því fjölgað um 5.303 eða 9,6% á milli ára.

Áætlanir

Skattstofnar og skattar 13.637 gjald-

enda voru nú áætlaðir af skattstjórum samanborið við 13.587 gjaldendur í fyrra. Þeir sem ýmist skiluðu ekki framtali eða eru taldir hafa vantalið tekjur voru því 50 fleiri nú en í fyrra sem er óveruleg breyting, eða aðeins 0,4%. Þessum gjaldendum voru nú áætlaðir tæpir 42 milljarðar í vantaldar tekjur og álag, sem er 247 milljónum eða 0,6% minna en í fyrra.


Viðbótarlífeyrissparnaður hækkar um 24,8%

Vægi viðbótarlífeyrissparnaðar (sérignasparnaðar) eykst enn á milli ára, en slíkur sparnaður hefur aukist stöðugt á undanfönum árum. Í ár var tekjuskatts- og útsvarstofn lækkaður um rúma 9,5 milljarða vegna hans, sem er

um 1,9 milljörðum, eða 24,8% meira en árið áðuren þá var frádráttur vegna viðbótarlífeyrissparnaðar tæpir 7,6 milljarðar. Hann hafði þá hækkað um 12,2% frá árinu áður og 17,2% frá árinu þar á undan. Nú nýttu 94.752 gjaldendur sér rétt til að draga viðbótarlífeyrissparnað í séreignarlífeyrissjóð frá skattstofni, sem er 13,6% fleiri en í fyrra en þá nýttu 83.400 sér þennan rétt. Hluttur þessa sparnaðarforms hefur aukist stöðugt á undanförunum árum. Nú greiða um 55,7% þeirra sem greiða iðgjald vegna skylduaðildar að lífeyrissjóði einnig í séreignarsjóð. Frádráttur vegna skylduiðgjalds í almennan lífeyrissjóð helst nokkurn veginn í hendur við launaþróun frá ári til árs. Nú greiddu 170.010 iðgjald í almennan lífeyrissjóð samanborið við 166.060 árið 2004. Þeir sem greiddu í lífeyrissjóð voru því 3.950 eða 2,4% fleiri en í fyrra. Í ár var heildarfrádráttur vegna greiðslu í lífeyrissjóð tæpur 28,1 milljarður samanborið við 24,2 milljarða í fyrra. Þar af var almennur lífeyrissparnaður tæpir 18,6 milljarðar, rétt rúnum tveim milljörðum hærra en í fyrra. Hlutdeild séreignarsparnaðar í frádráttarbærum lífeyrissparnaði hefur aukist stöðugt frá árinu 2000 er heimlað var að draga 2% af tekjum frá skattstofni til viðbótar greiðslum í almennan lífeyrissjóð. Þá var séreignarsparnaður 11,4% frádráttarbærs lífeyrissparnaðar en var nú, þegar heimilt er að draga 4% af launatekjum frá skattstofni, 33,9% frádráttarbærs lífeyrissparnaðar.

Tekjuskattar hækka um 12,7%

Tekjur ríkisins af tekjusköttum hafa aukist nokkuð á undanförunum árum. Frá árinu 2000 hafa þeir aukist um 101,7%. Tekjuskattar hækkuðu nú um 12,7% á milli ára, minna en skattskyldar tekjur sem jukust um 16,8%. Hluttur ríkisins í álögðum tekjusköttum var nú 85,8 milljarðar samanborið við 76,1 milljarð í fyrra og hefur hann því hækkað um 9,7 milljarða eða 12,8% frá því í fyrra. Þetta er ívið minni hækkan en á milli áráanna 2004 og 2005 en þá hækkuðu tekjuskattar til ríkis um 9,9 milljarða, eða 15,0%. Almennur tekjuskattur, sem er sá hluti álagðs tekjuskatts sem eftir stendur eftir að ríkið



hefur tryggt sveitarfélögum útsvar af tekjum þeirra sem eru undir skattleysismörkum, hækkaði nokkuð, eða um tæpa 5,5 milljarða eða 8,2%, úr 67,1 milljarði í 72,6 milljarða. Árið áður hækkaði almennur tekjuskattur um 8,7 milljarða, úr rúnum 58,4 milljörðum í 67,1 milljarð, eða 14,9%. Ástæða þess að almennur tekjuskattur hækkar nú minna en tekjur liggur í því að skatthlutfallið var lækkað um eitt prósentustig, úr 25,75% í 24,75%, eða um 3,9%. Þá hækkaði persónuafsláttur úr 329.948 kr. í 339.846 kr. eða um 3%. Skattleysismörk í staðgreiðslu hækkuðu úr 855.231 kr. í 900.732 kr., eða um 5,3% á milli ára, sem er talsvert meiri hækkan

en undanfarin ár. Á milli 2004 og 2005 hækkuðu skattleysismörk um 2,4% og um 3,14% á milli áráanna þar á undan. Ríkið lagði nú tekjuskatt á 163.450 gjaldendur, sem er 5.763 fleiri en í fyrra. Gjaldendum tekjuskatts fjölgaði því um 3,7% á milli ára, minna en við álagningu 2005 þegar þeim fjölgaði um 9.221, eða 6,2% frá árinu á undan, en þó meira en framteljendum á skattgrunnskrá, sem voru nú 6.907, 2,9% fleiri en við álagningu í fyrra. Framteljendum sem höfðu útsvarsskyldar tekjur, fjölgaði um 3,2% á milli ára. Hærra hlutfall gjaldenda munu því greiða tekjuskatt í ár en í fyrra.

Sérstakur tekjuskattur, sem lagður

er á tekjuskattsstofn umfram kr. 4.191.689 (tvöfalt hærrí fjárhæð hjá hjónum), var nú rúmur milljarður. Þrátt fyrir óbreytt tekjumörk lækkaði skatturinn um 388 milljónir frá álagningu í fyrra. Þessi mikla lækkun skýrist af helmingslækkun skatthlutfallsins, úr 4% í 2%, en skatturinn hefur verið lækkaður í þrepum frá árinu 2003, en þá var hann 7% af tekjustofni yfir mörkum. Þetta er í síðasta sinn sem sérstakur tekjuskattur er lagður á tekjur einstaklinga. Skattstofn sérstaks tekjuskatts hækkaði úr 35,3 milljörðum í tæpan 51,2 milljarð, eða um 45% frá fyrra ári, talsvert meira en laun, hlunnindi og lífeyrir sem hækkuðu um 11,6%. Mikil hækkun er merkileg í ljósi þess að stofninn hækkaði um 29,9% á milli árunna 2004 og 2005, á sama tíma og laun, hlunnindi og lífeyrir hækkuðu um 6,6%. Stofninn hefur því hækkað um 88,2% á síðastliðnum tveimur árum. Skattstofninn ræðst af samspili tekjudreifingar og skattleysismarka sérstaks tekjuskatts. Það má því reikna með að lítil eða engin breyting á skattleysismörkum, samfara mikilli hækkun á tekjum, eins og á árinu 2005, leiði til þess að skattstofninn vaxi hratt. Nú var lagður sérstakur tekjuskattur á tekjur 23.931 gjaldanda, eða 10,2% gjaldenda með útsvarsskyldar tekjur, samanborið við 7,7% í fyrra. Ekki hefur jafn stórum hluta framteljenda verið gert að greiða sérstakan tekjuskatt síðan skatturinn var tekinn upp árið 1993. Það ár náði hann til um 4% gjaldenda með útsvarsskyldar tekjur og árið 1996 var hann aðeins lagður á tekjur 2,9% gjaldenda. Sérstakur tekjuskattur var nú lagður á 6.475 sem er 37,1% fjölgun milli ára.

Fjármagnstekjuskattur helst í hendur við hækkun fjármagnstekna. Hann hækkaði því í takt við hækkun fjármagnstekna, um 60,8%, eða rúma 4,6 milljarða frá því í fyrra. Fjármagnstekjuskattur var nú tæpir 12,2 milljarðar samanborið við rúma 7,6 milljarða í fyrra. Tæpur helmingur, eða 47,5% hækkunar tekjuskatta til ríkis, er vegna hækkunar fjármagnstekna eða 4,6 milljarðar af þeim 9,7 milljörðum sem skattar hækkuðu.


Útsvar sem rennur til sveitarfélaga var rétt rúmir 77,7 milljarðar. Það var rúmir 69 milljarðar í fyrra og hefur því hækkað um tæpa 8,7 milljarða á milli ára eða 12,5%. Hækkun útsvars endurspeglar hækkun tekjuskattsstofns en meðalútsvar í staðgreiðslu hækkaði einnig úr 12,83% af tekjum ársins 2004 í 12,98% af tekjum ársins 2005 eða um 1,17%.

Persónuafsláttur hækkar

Persónuafsláttur var nú um 79 milljarðar, rúnum 3,8 milljörðum hærrí en í fyrra, og hefur hann því hækkað um 5,1% á milli ára. Rúmlega 4,8 milljarðar voru

ekki nýttir til greiðslu opinberra gjalda, samanborið við 4,6 milljarða í fyrra. Gjaldendur nýttu nú rúmlega 68 milljarða til greiðslu tekjuskatts og rúmlega 4,4 milljarða til greiðslu útsvars. Framteljendur sem nýttu skattaafslátt til greiðslu útsvars voru nú 74.911, 8.030 fleiri en í fyrra, en þá greiddi ríkið útsvar 66.881 gjaldenda að fullu eða að hluta.

Þeim sem nýta sjómannaafslátt fækkar enn. Þeir voru nú 6.743 samanborið við 7.059 í fyrra. Sjómannaafsláttur sem nýttist til greiðslu tekjuskatts var nú tæpir 1,2 milljarðar. Hann lækkaði um rúmar 70,5 milljónir frá því í fyrra eða um 5,6%.



Framtöl einstaklinga 2003 til 2006 - Fjármagnstekjur einstaklinga

(í milljónum króna)	Fjármagnstekjur						Fjöldi fjölskyldna					
	Upphæðir				Breytingar '05-'06		Fjöldi				Breytingar '05-'06	
	2003	2004	2005	2006	Milljónir kr.	%	2003	2004	2005	2006	Fjöldi	%
Arður af hlutabréfum												
Arður af hlutabréfum	8.052	11.518	14.450	24.652	10.203	70,6%	35.535	36.458	36.830	40.912	4.082	11,1%
Arður af erlendum hlutabréfum	455	897	1.410	1.350	-59	-4,2%	315	387	493	492	-1	-0,2%
Samtals:	8.506	12.415	15.859	26.003	10.143	64,0%	*	*	*	*	*	*
Vaxtatekjur												
Vextir af innstæðum barna	49	57	65	85	20	30,4%	3.877	3.856	3.666	3.821	155	4,2%
Vextir af innstæðum í bönkum	8.137	7.347	8.658	11.154	2.496	28,8%	53.071	53.888	55.360	60.663	5.303	9,6%
Vextir af innl. og erl. verðbréfum	5.009	6.713	10.585	12.754	2.169	20,5%	-	-	-	13.207	*	*
Vextir af útistandandi skuldir/verðbr.	2.806	3.933	6.424	-	*	*	5.088	6.841	6.084	-	*	*
Vextir af skattfrjálsu verðbréfum	2.190	2.769	4.149	-	*	*	7.756	8.544	8.152	-	*	*
Vextir af stofnsjóðsinneign	12	11	12	-	*	*	1.879	2.051	1.835	-	*	*
							*	*	*	*	*	*
Leigutekjur	2.102	2.555	2.725	3.070	345	12,7%	5.128	5.621	5.694	5.643	-51	-0,9%
Söluhagnaður												
Hagnaður af sölu hlutabréfa	21.526	32.737	34.854	62.764	27.909	80,1%	5.401	8.855	11.434	9.079	-2.355	-20,6%
Annar söluhagnaður	592	2.011	1.850	4.151	2.300	124,3%	632	775	910	1.122	212	23,3%
Samtals:	22.118	34.748	36.705	66.914	30.210	82,3%	*	*	*	*	*	*
Fjármagnstekjur samtals	45.528	63.837	74.597	119.980	45.382	60,8%	74.436	76.924	77.080	84.680	7.600	9,9%

*Fjármagnstekjur eru taldar fram af því hjóna sem hefur hærri tekjur og því vísa tölur um fjölda framteljenda með fjármagnstekjur til fjölda fjölskyldna en ekki einstaklinga.

Opinber gjöld einstaklinga 2003 til 2006

(í milljónum króna)	Álögd gjöld						Fjöldi gjaldenda					
	Upphæðir				Breytingar '05-'06		Fjöldi				Breytingar '05-'06	
	2003	2004	2005	2006	Milljónir	%	2003	2004	2005	2006	Fjöldi	%
Almennur tekjuskattur	55.207	58.406	67.125	72.608	5.484	8,2%	142.975	148.466	157.687	163.450	5.763	3,7%
Sérstakur tekjuskattur	1.773	1.358	1.411	1.023	-388	-27,5%	14.589	14.986	17.456	23.931	6.475	37,1%
Fjármagnstekjuskattur	4.581	6.442	7.583	12.198	4.614	60,8%	74.436	76.924	77.080	84.680	7.600	9,9%
Tekjuskattar til ríkissjóðs alls	61.561	66.206	76.120	85.830	9.710	12,8%	*	*	*	*	*	*
Útsvar	59.995	63.043	69.048	77.707	8.659	12,5%	218.163	221.814	226.896	234.171	7.275	3,2%
Tekjuskattar alls	121.556	129.248	145.167	163.536	18.369	12,7%	*	*	*	*	*	*
Almennur eignarskattur	1.815	2.176	2.834	-	-2.834	*	65.173	69.495	75.588	-	*	*
Sérstakur eignarskattur	-	-	-	-	*	*	-	-	-	-	*	*
Eignarskattar alls	1.815	2.176	2.834	-	-2.834	*	*	*	*	*	*	*
Gjald í framkvsj. aldr.	857	895	951	1.037	86	9,0%	157.593	160.520	165.704	170.642	4.938	3,0%
Önnur gjöld**	439	347	353	378	25	7,0%	*	*	*	*	*	*
Tryggingagjald	1.376	1.361	1.364	1.627	263	19,3%	21.897	20.589	19.856	22.109	2.253	11,3%
Samtals gjöld á einstaklinga	126.043	134.027	150.669	166.578	15.909	10,6%	*	*	*	*	*	*
-bætur sbr. neðangreint	10.375	10.307	10.210	10.483	273	2,7%	*	*	*	*	*	*
Samtals gjöld - bætur	115.668	123.720	140.459	156.095	15.636	11,1%	*	*	*	*	*	*
Bætur:**												
Barnabætur	5.002	5.133	5.035	5.993	958	19,0%	55.123	55.412	53.871	55.481	1.610	3,0%
Vaxtabætur	5.373	5.174	5.174	4.490	-685	-13,2%	56.158	57.888	53.983	43.902	-10.081	-18,7%
Samtals bætur	10.375	10.307	10.210	10.483	273	2,7%	*	*	*	*	*	*
Skattaávilnanir:												
Sjómannaafláttur, dagar, þús	1.796	1.738	1.698	1.555	-144	-8,5%	*	*	*	*	*	*
Sjómannaafláttur	1.267	1.254	1.256	1.185	-71	-5,6%	7.464	7.119	7.059	6.743	-316	-4,5%
Frádráttur v. fjárfestingar í hlutab.	636	-	-	-	*	*	5.518	-	-	-	*	*
Fjöldi á grunnskrá							226.462	229.665	234.437	241.344	6.907	2,9%

* Önnur gjöld eru slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, iðnaðarmálagjald og búnaðargjald.

Eignir aukast um 27,4% og skuldir um 21,3%

Þó svo að skattur sé ekki lengur lagður á eignir landsmanna skila framteljendur enn sem fyrr yfirliti yfir eigna- og skuldastöðu með skattframtali.

Landsmenn töldu nú fram 2.454,7 milljarða eign á framtölum, sem er rúmum 527,9 milljörðum meira en í fyrra en þá voru framtaldar eignir alls 1.926,7 milljarðar. Eignir jukust því um 27,4% frá árinu áður, sem er athyglisvert í ljósi

gífurlegrar eignaaukningar undanfarinna ára. Hækkun eigna nú um 27,4% er talsvert meiri en á milli árána 2004 og 2005 en þá jukust eignir um 15,4%. Af einstökum eignaliðum hækkðu fasteignir nú sem oft áður mest eða um

Framtöl einstaklinga 2003 til 2006 - Eignir og skuldir einstaklinga

(í milljónum króna)	Eignir og skuldir						Fjöldi fjölskyldna með eignir					
	Upphæðir			Breytingar '05-'06			Fjöldi			Breytiogar '05-'06		
	2003	2004	2005	2006	Milljónir kr.	%	2003	2004	2005	2006	Fjöldi	%
Hrein eign skv. efnahagsreikningi	36.836	37.596	37.887	37.864	-23	-0,1%	9.063	8.901	8.395	8.049	-346	-4,1%
Innlend og erlend verðbréf	93.278	112.787	140.483	197.802	57.319	40,8%	-	-	-	26.657	*	*
Eignarskattsfrjáls verðbréf	46.998	52.375	61.666	-	*	*	15.961	15.151	14.318	-	*	*
Verðbréf, útistand. skuldir ofl.	46.106	60.264	78.637	-	*	*	14.470	14.720	17.948	-	*	*
Stofnsjóðsinneign	174	148	181	-	*	*	2.437	2.370	2.228	-	*	*
Ökutæki	102.698	107.243	116.527	139.844	23.317	20,0%	92.304	94.351	95.489	98.266	2.777	2,9%
Hlutabréf	47.868	47.106	43.385	50.211	6.826	15,7%	52.420	50.699	46.878	51.439	4.561	9,7%
Hlutabréf í erlendum félögum	3.124	3.769	3.770	4.800	1.030	27,3%	6.013	5.951	5.595	5.397	-198	-3,5%
Innlendar innstæður ofl.	134.078	153.344	167.260	184.152	16.893	10,1%	54.161	55.433	56.725	61.617	4.892	8,6%
Innstæður í erlendum bönkum	1.289	1.371	1.184	3.968	2.784	235,1%	593	613	612	579	-33	-5,4%
Aðrar eignir	5.934	7.111	8.826	11.252	2.426	27,5%	12.119	13.579	14.677	15.825	1.148	7,8%
Áætluð nettó eign viðbót	32.937	24.514	38.459	1.128	-37.331	-97,1%	3.851	2.910	4.051	15	-4.036	-99,6%
Áætluð viðbót við stofn	4.945	3.668	5.767	156	-5.611	-97,3%	3.845	2.906	4.047	6	-4.041	-99,9%
Samtals	462.986	498.508	563.548	631.178	67.630	12,0%	*	*	*	*	*	*
Fasteignir	1.034.419	1.171.984	1.364.343	1.824.205	459.862	33,7%	88.198	90.581	91.418	93.443	2.025	2,2%
Eignir alls	1.496.477	1.669.429	1.926.714	2.454.651	527.937	27,4%	125.683	127.146	128.864	129.439	575	0,4%
Skuldir vegna íbúðarkaupa	401.253	451.475	508.187	598.735	90.548	17,8%	66.749	69.137	69.400	69.586	186	0,3%
Skuldir	586.488	656.779	756.837	918.271	161.433	21,3%	93.678	96.481	96.803	98.329	1.526	1,6%
Eignarskattsstofn jákvæður	810.965	898.447	1.051.192	1.311.171	259.979	24,7%	96.442	98.419	101.242	104.830	3.588	3,5%
Eignarskattsstofn, neikvæður	57.023	60.169	70.006	75.966	5.960	8,5%	25.121	25.073	24.387	22.651	-1.736	-7,1%

*Eignir hjóna og sambúðarfólks eru taldar fram sameiginlega og því vísa fjöldatölur til fjölda fjölskyldna sem telja fram eignir en ekki einstaklinga

459,9 milljarða, sem er 33,7% hækkun á milli ára. Rúmlega 74,3% eigna einstaklinga eru nú bundnar í fasteignum. Um síðustu áramót var matsverð fasteigna í eigu einstaklinga 1.824,2 milljarðar en skuldir vegna kaupa á fasteignum 598,7 milljarðar. Framtaldar skuldir vegna kaupa á íbúðarhúsnæði jukust nú um rúma 90,5 milljarða eða 17,8%, samanborið við 56,7 milljarða árin þar á undan sem var þá vöxtur um 12,6%. Skuldir vegna íbúðarhúsnæðis vega nú sem fyrr þyngst skulda einstaklinga eða 65,2%. Heildarskuldir einstaklinga jukust um rúma 161,4 milljarða á milli ára, eða um 21,3%. Þær voru nú tæpir 918,3 milljarðar en tæpir 756,8 milljarðar í fyrra. Um 56,1% skuldaaukningarinnar er vegna húsnæðiskaupa sem er sambærilegt við fyrra ár en þá var hlutfallið 56,7%.

Af öðrum eigna- og skuldaliðum vega innstæður í bönkum þyngst eigna einstaklinga en um síðastliðin áramót áttu einstaklingar rúmlega 184,2 milljarða í innlendum bankainnstæðum, sem er rúmum 16,9 milljörðum meira en á sama tíma í fyrra. Innstæður hækkuðu nú um 10,1% á milli ára sem er svipuð hækkun og í fyrra þegar inn-

stæður hækkuðu um 9% en minni hækkun en árin þar á undan þegar þær hækkuðu um 14% og 17%. Þá vekur mikil hækkun erlendra innstæða athygli en þær hækkuðu um 235,1% frá fyrra ári, úr tæpum 1,2 milljörðum í tæpa 4 milljarða.

Eignir í verðbréfum og útistandandi skuldum voru nú 197,8 milljarðar samanborið við 140,5 milljarða í fyrra og hafa þær því aukist um tæpa 57,3 milljarða á milli ára eða 40,8%. Verðbréfaeign hefur aukist mikið frá árinu 2002, en þá var framtalin skuldabréfaeign landsmanna 85,9 milljarðar. Framteljendur töldu nú fram 50,2 milljarða í hlutabréfaeign að nafnvirði samanborið við 43,4 milljarða í fyrra. Hlutabréfaeign, að nafnvirði, hækkar um 6,8 milljarða á milli ára, eða um 15,7%. Nafnverð hlutabréfaeignar hefur lækkað nokkuð á undanförunum árum. Nafnvirði hlutabréfa skv. framtölum 2000 var 44,8 milljarðar, 2001 var það 50,1 milljarður en lækkaði síðan í 49,1 milljarð á framtölum 2002 og 47,9 milljarða á framtölum ársins 2003. Nú töldu 51.561 fram hlutabréfaeign en á framtölum ársins 2005 töldu 46.878 fram hlutabréfaeign, sem er aukning um

9,7%. Það vekur athygli að eign í erlendum hlutafélögum hækkar um 27,3% , úr 3,8 milljörðum í 4,8 milljarða. Hafa verður í huga að eign í hlutabréfum er talin fram á nafnverði sem er oftast allt annað og mun lægra en nemur markaðsvirði eignarinnar.

Matsverð ökutækja á framtölum var nú rúmum 23,3 milljörðum hærra en í fyrra. Landsmenn töldu fram ökutæki að verðmæti 139,8 milljarða í ár, samanborið við 116,5 milljarða í fyrra. Eignir í ökutækjum hafa aukist töluvert frá árinu 2002.



Framteljendum með neikvæða eignastöðu fækkar aftur talsvert á milli ára. Nú töldu 22.651 fram meiri skuldir en eignir en í fyrra voru 24.387 með neikvæða eignastöðu. Þeim sem eiga minna skv. skattframtölum en þeir skulda hefur því fækkað um 1.736 á milli ára eða 7,1%.

Skuldir framteljenda sem skulda meira en þeir eiga jukust um tæpa sex milljarða á milli ára. Þær voru nú tæpir 76 milljarðar en rétt rúmum 70 milljarðar skv. framtölum í fyrra. Hér verður aftur að hafa í huga að hlutabréfaeign er talin fram á nafnverði sem er oft margfalt lægra en nemur markaðsvirði eignarinnar.

Færri fá nú vaxtabætur

Vaxtabætur lækkuðu um 685 milljónir, eða 13,2%, frá álagningu í fyrra. Vaxtabætur voru nú 4.490 milljónir samanborið við 5.174 milljónir í fyrra. Mikil hækkun á eignaverði skýrir þessa lækkingu nú en bætur skerðast að fullu á tiltölulega þröngu eignabili. Byrjað er að skerða bætur á rúmlega tveggja milljóna króna bili frá rúmum 3,7 milljónum í tæpar sex hjá einhleypingum og á bilinu frá 6,2 í tíu milljónir hjá hjónum. Því mátti reikna með að tiltölulega lítil hækkun á fasteignamatmi myndi skerða bætur mjög margra. Vaxtabætur voru greiddar 53.983 einstaklingum í fyrra en nú verður 43.902 gjaldendum greiddar vaxtabætur vegna fjárfestingar í íbúðarhúsnæði. Þær hafa lækkað nokkuð á undanförunum árum. Vaxtabætur voru t.d. 5.373 milljónir við álagningu árið 2003, 883 milljónum hærrí en þær voru nú. Vaxtabætur hafa því lækkað um 19,7% á tímabilinu og þeim sem fengið hafa vaxtabætur hefur fækkað að sama skapi um 12.256 eða 21,8%. Rétt er að árétta að framteljendum sem eru áætlaðar tekjur eru hvorki reiknaðar barna- né vaxtabætur.

Reiknaðar barnabætur voru nú 5.993 milljónir en 5.035 milljónir við álagningu 2005. Barnabætur hækkuðu því um 958 milljónir, eða 19%, á milli ára. Þetta er talsverð breyting frá því í fyrra en þá lækkuðu barnabætur um 1,9% frá álagningu árið áður. Nú fá 55.481 foreldrar greiddar bætur, 1.610 fleiri en í fyrra, en þá fengu 53.871 greiðslur frá ríkinu vegna framfærslu barna.



Reglur um milliverð

- geta þær aukið trúverðugleika íslensks viðskiptalífs?



ÓLAFUR
KARL
EYJÓLFSSON

Íslendingar hafa undanfarin ár látið æ meir að sér kveða í alþjóðlegum viðskiptum. Þessi viðskipti hafa sífellt vakið meiri og meiri athygli enda umsvif og umfang hinna íslensku fjárfesta aukist. Fyrirferðarmestu íslensku fyrirtækin eru fyrirtækjasamstæður með starfsemi í mörgum löndum. Útrás þessara fyrirtækja hefur oftast en ekki falið í sér kaup á erlendum félögum sem við kaupin verða dótturfélög innan samstæðunnar. Í kjölfar slíks vaxtar fyrirtækja hefjast gjarnan viðskipti milli móður- og dótturfélags eða milli dótturfélaga. Lengi hefur því verið haldið fram að stór hluti heimsviðskiptanna fari fram milli tengdra eða háðra aðila. Um leið hafa skattfyrirvöld áttað sig á því að alþjóðleg fyrirtæki geta stýrt með verðlagningu viðskipta innan fyrirtækjasamstæða hvar tekjuskattar eru greiddir. Fara þá viðskipti fram milli fyrirtækjanna innan samstæðunnar yfir landamæri þar sem seldar og keyptar eru vörur, þjónusta eða annað milli félaga innan samstæðu. Með þessu er hægt að stýra fjármagnsstreyminu til þess fyrirtækis sem er með hagkvæmstu skattaskilyrðin og þannig hámarka hagnaðinn í því ríki þar sem skattur er lægstur.

Milliverðlagning

Skattfyrirvöld á Norðurlöndunum hafa ekki látið útrás íslensku fyrirtækjanna fram hjá sér fara og í skattasamstarfi milli Íslands og Norðurlandanna hefur komið til tals hvort og hvaða milliverðlagsreglur (Transfer Pricing) gilda hér. Ekki hafa verið settar neinar reglur eða leiðbeiningar hér á landi um það hvernig ber að finna hið rétta verð í viðskiptum milli tengdra eða háðra aðila. Í íslenskum lögum eru þó reglur sem taka óbeint á milliverðlagningu. Má þar nefna sérstaklega 57. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Telja fræðimenn að þessi lagagrein feli í sér armslengdarreglu og fyrirmynd hennar sé 9. gr. samningsfyrirmyndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Með því að segja að til séu reglur sem taka óbeint á milliverðlagningu er verið að vísa til þess að ekki er neinum reglum til að dreifa í íslenskri löggjöf sem sérstaklega eru gerðar til að kveða á um verðmæti viðskipta milli tengdra eða háðra aðila, sambærilegt og gert er t.d. í löggjöf Dana, Breta og Svía. Aftur á móti kveður 57. gr. laga nr. 90/2003 á um bann við óvenjulegri skiptingu í fjármálum. Ljóst er að 57. gr. tskl. er mjög opið og víðtækt ákvæði sem gert er til að koma í veg fyrir skattalega sniðgöngu.

Milliverðlagningarreglur snerta viðskipti sem eiga sér stað milli tengdra eða háðra aðila þegar þeir eiga í viðskiptum hver við annan. Þessar reglur eru mikilvægar fyrir alþjóðlegar fyrirtækjasamstæður sem stunda við-

skipti milli landa. Milliverðlagningarreglur slíkra samstæða hafa oft á tíðum áhrif á hagnað og tap fyrirtækja þeirra sem staðsett eru í hinum ýmsu ríkjum og stunda viðskipti. Af þessum ástæðum eru milliverðlagningarreglur mikilvægar bæði fyrir alþjóðlegar fyrirtækjasamstæður og skattfyrirvöld um allan heim. Milliverðlagningarreglur kveða á um viðskipti eða lánastarfsemi yfir landamæri milli félaga sem eru tengd í samræmi við armslengdar viðmið. Þetta þýðir að skilmálar og verð slíkra færslna í viðskiptum, hvort sem um ræðir kaup og sölu á eignum, vöru, þjónustu, lánveitingu eða lántöku, skulu vera á sama hátt og um óskylda aðila sé að ræða. Armslengdar viðmiðið er þekkt á alþjóðavettvangi og notað af skattfyrirvöldum um allan heim. Þetta eru viðmið sem eru kynnt og þróuð sérstaklega af OECD. Viðmiðin eru sett fram í 9. gr. OECD módelisins og þróuð í viðmiðunarreglum OECD frá 1995.

Um það hvenær ber að beita milliverðlagningarreglum, þá nær gildissvið þeirra til viðskipta sem gerð eru af aðilum sem eru ekki í armslengdar fjarlægð heldur eru viðskiptin milli fyrirtækja sem eru tengd eða háð hvort öðru gegnum eignarhald, stjórnendur eða á annan hátt í samvinnu þannig að telja má að hafi áhrif á verðlagningu viðskipta þeirra í milli á þann hátt að framboð og eftirspurn á markaði ráði ekki verðlagningunni í viðskiptum þeirra í milli heldur hagsmunir heildarinnar eða samstæðunnar.

OECD

Í flestum þeim ríkjum sem við eigum viðskipti við eru í gildi milliverðlagningarreglur. Þessar reglur taka gjarnan mið af viðmiðunarreglum OECD um milliverðlagningu. Þar er gefinn ákveðinn vísir að milliverðlagningarregluverki. Í leiðbeiningarriti OECD (leiðbeiningunum) er útlistað í sjö köflum leiðbeinandi reglum og túlkunum á reglum um milliverðlagningu. Þessar reglur komu fyrst fram 1970 en núverandi leiðbeiningar eru að meginefni til frá 1995 og eru í stöðugri þróun. Í fyrsta kafla leiðbeininganna um milliverðlagningarreglur er fjallað um armslengdarregluna, hvaða alþjóðlegu milliverðlagningarstaðla OECD aðildarríki hafi samþykkt að nota skuli í skattalegum tilgangi af alþjóðlegum fyrirtækjasamstæðum og skattfyrvöldum. Þá eru settar fram leiðbeiningarreglur um það hvenær um armslengd er að ræða og hvenær ekki. Í öðrum kafla er fjallað um hefðbundnar verðlagningarreglur til að finna það verð sem ber að nota í viðskiptum milli tengdra aðila. Reglurnar eru þrjár: sambærileika aðferðin (comparable uncontrolled price method), endursölu aðferðin (resale price method) og kostnaðar aukningar aðferðin (cost plus method). Í kafla þrjú eru útlagðar aðrar reglur sem hægt er að nota til að nálgast armslengdar aðstæður þegar hinar hefðbundnu reglur eru ekki áreiðanlegar eða útilokað er að notast við þær. Þessar reglur nefnast einu nafni hagnaðarmyndunaraðferðir (transactional profit method) en þær leitast við að rannsaka þann hagnað sem verður til í ákveðnum stjórnunum viðskiptum. Með stjórnunum viðskiptum er átt við viðskipti innan samstæðu þar sem markaðsöflin ráða ekki heldur er þeim stýrt af þeim er yfir samstæðunni ráða. Í fjórða kafla er fjallað um stjórnsýslulegar aðferðir um hvernig koma má í veg fyrir og leysa ágreiningsmál sem koma upp varðandi milliverðlagningu milli skattgreiðenda og skattfyrvalda. Þessar reglur eru settar fram sérstaklega vegna þess að þrátt fyrir að farið sé eftir þeim viðmiðum sem sett eru fram



um armslengdarsjónarmið, þá geta skattgreiðendur og skattfyrvöld komist að ólíkri niðurstöðu um hvort ákveðnar stjórnaðar færslur eigi heima undir milliverðlagningarreglum eða ekki að því gefnu hversu flókið getur verið að meta kringumstæður í hverju einstöku máli fyrir sig. Þá er í fimmta kafla settar fram leiðbeiningar til skattfyrvalda um þau gögn og upplýsingar sem ber að gera kröfu um að séu gerð eða skilað inn í tengslum við milliverðlagningar skoðun. Þá veita þessar leiðbeiningar eða viðmið skattgreiðendum ákveðna innsýn í hvaða gögn væri best að hafa til að sýna fram á að stýrð færsla fullnægi armslengdarskilyrðum. Slíkar reglur stuðla að auðveldari skattskoðun og kostnaður og fyrirhöfn verður minni. Í síðasta kafla er svo fjallað um óefnislegar eignir.

Milliverðlagningarreglurnar sem OECD gefur út eru ekki bindandi, hvorki fyrir aðildarlönd OECD eða aðra, heldur verður að leysa úr milliverðlagningu á grundvelli landsréttar hvers ríkis fyrir sig.

Norðurlandasamstarf

Í skattasamstarfi Norðurlandanna er skattendurskoðun sem tengist milliverðlagningu yfir landamæri „Cross-border Transfer Pricing“ tímafrek og

kallar á mikla vinnu og samstarf skattfyrvalda í viðkomandi löndum. Vegna þessa hafa nýjar hugmyndir hvað þetta varðar komið fram á undanförunum árum. Fela þær í sér ákveðna gagnagerð eða upplýsingagjöf. Danir urðu fyrstir til að setja slíkar reglur sem þeir kalla „dokumentationsregler“. Svíar hafa einnig sett fram frumvarp til laga um „documentationsregler för TP-transaktioner“ sem á að taka gildi 1. janúar 2007. Í þeim reglum er gert ráð fyrir að fyrirtæki sem sett hafa sér milliverðlagningarreglur tilkynni sig á sérstaka skrá yfir slíka aðila. Þar ber að tiltaka eðli og umfang viðskiptanna, viðskiptaferlanna sem um ræðir, verðlagningar aðferðir og viðmiðunarkennitölur úr sambærilegum rekstri. Samdar voru tillögur að verklagsreglum sem fulltrúar viðkomandi atvinnugreinar, sérfræðingar úr atvinnulífinu og skattfyrvöld komu að.

Sá ávinningur sem Danir og Svíar sækjast eftir með þessu er að auðvelda aðgang að upplýsingum. Þá sé eðlilegra að fara eftir slíkum reglum og útbúa slík gögn sem hluta af ferlinu en ekki eitthvað sem þarf einungis að koma til sé fyrirtækið tekið til skoðunar hjá skattfyrvöldum. Með því að setja slíkar reglur um upplýsingagjöf er einnig verið að auðvelda aðkomu hinna ýmsu aðila

sem koma að eftirlitsmálum eins og endurskoðenda, fjármálaeftirlits og annarra sambærilegra aðila.

Trúverðugleiki

Undanfarin misseri hefur verið unnið að eflingu trúverðugleika íslensks efnahagslífs. Sú vinna hófst eftir óhagstæðar spár erlendra banka og fjármála-fyrirtækja um framvindu í íslensku efnahagslífi og þeirra tengsla sem eru milli hinna ýmsu fjárfestingahópa á Íslandi. Með sífelldri fjölgun fyrirtækja og í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í íslensku efnahagslífi þar sem fyrirtæki starfa ekki einungis hér á landi heldur eru í sífellt auknum mæli að verða hluti af alþjóðlegum fyrirtækjasamstæðum

hefur flækjustig skattlagningar, bæði fyrir fyrirtækin og skattyfirvöld, aukist. Í þeim ríkjum þar sem viðskiptin fara fram gilda ólíkar skattareglur. Fjölbjóðleg fyrirtæki þurfa að fara eftir lögum og reglugerðum þeirra ríkja þar sem viðskiptin fara fram. Það kallar á aukna fyrirhöfn og kostnað fyrirtækjanna. Misjafnar kröfur geta verið íþyngjandi fyrir fjölbjóðleg fyrirtæki og leitt til hærri skriffinnskukostnaðar heldur en fyrir sambærilegt félag sem einungis starfar innan einnar lögsögu. Af því leiðir að ekki er hægt að taka á skattlagningu slíkra alþjóðlegra fyrirtækja út frá einu kerfi heldur ber að taka á þeim í breiðu alþjóðlegu samhengi.

Lokaorð

Trúverðugleiki í viðskiptum er grundvalarforsenda fyrir efnahagslegri velsæld. Lögfesting milliverðlagsreglna gæti aukið gagnsæi og skilvirkni í skattframkvæmd, fastmótað viðskipti milli tengdra og háðra fyrirtækja sem um leið auðvelda vinnu skattyfirvalda og annarra eftirlitsaðila. Þörfin á skýrum milliverðlagningarreglum hefur aukist. Setning milliverðlagningarreglna stuðlar að eflingu viðskiptaumhverfisins á Íslandi þar sem tekið er skref í alþjóðlegri skattlagningu í takt við helstu viðskiptaþjóðir okkar með það að leiðarljósi að minnka áhættuna á tvísköttun, stuðla að gagnsæi í skattheimtu og auka upplýsingagjöf fyrirtækja.



Réttur til samsköttunar - breyttar reglur

Á alþjóðlegum baráttudegi samkynhneigðra, þann 27. júní sl., tóku gildi lög nr. 65/2006 sem breyta verulega réttarstöðu samkynhneigðra í íslensku samfélagi.

Alþekkt er að ýmis réttaráhrif tengjast óvígðri sambúð manns og konu og eru þau jafnvel í sumu tilliti sambærileg réttaráhrifum hjúskapar, einkum ef aðilar eiga barn saman. Lagaleg skilgreining á hugtakinu „óvígð sambúð“ hefur fram til þessa ekki legið fyrir þrátt fyrir að víða í íslenskum lögum hafi sérstök réttaráhrif verið tengd slíku sambúðarformi. Sá skilningur hefur þó almennt verið lagður í hugtakið að það taki til sambúðar karls og konu sem eigi sameiginlegt heimili, án þess að vera í hjúskap. Utan þessarar skilgreiningar hefur því fallið sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni. Í skýrslu nefndar um réttarstöðu sambúðarfólks sem lögð var fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000-2001, kemur fram að óvíst sé hvort lagaákvæðum sem kveða á um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð sé unnt að beita með rýmkandi skýringu eða lögjöfnun um samkynhneigða einstaklinga í sambúð. Ráðist það m.a. af orðalagi hvers ákvæðis, en iðulega sé óvígð sambúð skilgreind sérstaklega sem sambúð karls og konu. Er því ljóst að sambúðarfólk af sama kyni hefur búið við lakari réttarstöðu en gagnkynhneigð pör án þess að séð verði að málefnaleg rök hafi réttlætt slíka mismunun.

Með nýsamþykktum lögum hefur stórt skref verið tekið til að tryggja að samkynhneigð pör njóti sömu réttinda og lúti sömu skyldum og gagnkynhneigð pör. Með þeim eru gerðar breytingar á ýmsum lögum sem hafa fram til þessa fallið í sér mismunun á réttarstöðu samkynhneigðra og

gagnkynhneigðra. Meðal annars eru gerðar breytingar sem heimila samkynhneigðu sambúðarfólki samsköttun sem áður stóð eingöngu gagnkynhneigðum pörum til boða. Einnig er það nú áskilið að skrá þurfi sambúð sérstaklega í þjóðskrá til að viðkomandi geti öðlast skattalega stöðu sambúðaraðila. Í ákvæðinu segir:

„Karl og kona í óvígðri sambúð eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þau barn saman eða von á barni saman eða sambúðin hefur verið skráð í samfelld eitt ár hið skemmsta. Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.“

Almennt hefur hugtakið "óvígð sambúð" ekki fallið í sér sérstaka kröfu um sameiginlegt lögheimili eða skráningu sambúðar í þjóðskrá. Við túlkun á ákvæði tekjuskattlaganna um heimild sambúðarfólks til samsköttunar, var byggt á þessum skilningi á hugtakinu þó gerð væri krafa um sameiginlegt lögheimili á þeim tímapunkti þegar óskað væri eftir samsköttun. Hér er því um að ræða verulega breytingu frá því sem áður var. Skráningu sambúðar er jafnframt veitt aukið vægi við mat á því hvort heimild til samsköttunar sé fyrir hendi þar sem heimildin er bundin því skilyrði að sambúðin hafi verið skráð í samfelld eitt ár hið skemmsta, ef parið á ekki barn saman né eigi von á barni. Því er ljóst að heimild gagnkynhneigðra para hafa verið þrengd hvað þetta varðar.

Ragnheiður Björnsdóttir

Um skatta og skattheimtu



Unnar Steinn
Bjarnaldur
lögfræðingur

Greinin „Um skatta og skattheimtu“ er fyrsta greinin af þremur í greinaflokki sem birtist í Tíund á næstu mánuðum. Um er að ræða stuttar greinar á sviði skattaréttar þar sem höfundur nálgast viðfangsefnið frá sjónarhorni réttarheimspekinnar. Í fyrstu greininni beinir höfundur sjónum sínum að hugtakinu „skattur“ og kenningum er lúta að skilgreiningum á sviði skattaréttar.

Um skatta og skattheimtu

Frédéric Bastiat, sögufrægur franskur þingmaður og hagfræðingur, mælti svo á níttjándu öld: „Hvert og eitt okkar þiggur vissulega af náttúrunni, af Guði, réttinn til að verja sjálft sig, frelsi sitt og eignir. Af því þetta þrennt er það sem líf okkar felst í og það sem heldur því við.“ Hann áleit að lögin væru skipuleg framsetning á náttúrulegum rétti fólks til réttmætrar sjálfsvarnar. Þar sé skipt út einstaklingsvaldi fyrir sameiginlegt vald í því skyni að hafa áhrif á þau mál sem annars væri réttmætt að einstaklingsvaldið hlutaðist til um. Þetta er gert til þess að vernda líf fólks, frelsi þess og eignir, til að vernda rétt hvers og eins, til þess að allir geti búið við réttlæti.¹

Hið opinbera hefur skyldum að

gegna í þágu einstaklinga. Ríkið stendur fyrir margs konar þjónustu og framkvæmdum í þágu almennings og fjármagnar þær með sköttum sem lagðir eru á einkaaðila. Skattur þessi er almenn greiðsla, sem óákveðnum fjölda einkaaðila er gert að greiða hinu opinbera. Greiðslan er í formi peninga, nema að lög heimili annan greiðslumáta. Skattar skulu greiddir af einstaklingum og lögaðilum án þess að viðkomandi geti átt rétt á beinu endurgjaldi í staðinn. Með þessu móti skerða skattarnir tekjur þeirra og valda því að þeir hafa minna fé til eigin þarfa.²

Með skattlagningu er verið að skerða rétt einstaklinga til þess að ráðstafa tekjum sínum. Skattalög eru þess eðlis að þau þurfa að vera sanngjörn og þau mega ekki ganga of langt inn á friðhelgan eignarrétt skattgreiðenda. Áður fyrr var algengt að skattar væru lagðir á með öðrum hætti, til að mynda vinnuskyldu eða eignum þó svo að slíkur háttur sé ekki hafður á lengur.

Bastiat segir í riti sínu Lögin, að ef ríkið væri ekki með fingurna í málefnum einstaklinga, myndu óskir fólks og uppfylling þeirra hafa sinn eðlilega gang. Hann taldi að það vantaði mikið upp á að lögin héldu sig við hlutverk sitt. Það hefur verið í anda pólitískra deilna á þeim tíma sem Bastiat var uppi að hann ritar að „[ríkið hefur] selt hið sameiginlega vald í hendur þeim sem í mestu makindum hyggjast græða á náunganum, frelsi hans og eignum. Þau hafa snúið hnupli upp í rétt og, því til verndar, hafa þau snúið réttmætri sjálfsvörn upp í afbrot til að geta refsað fyrir slíkt.“³ Bastiat var efst í huga spilling og valdniðsla en hafði þó einnig djúpar áhyggjur af því að merki eignarréttar hafi ekki verið haldið á lofti.

Á okkar tímum finnst þó flestum eðlilegt að greiða um helming tekna sinna í ríkissjóð. Þrátt fyrir að það sé til stór hópur fólks sem styður minnkandi umsvif hins opinbera, er það almennt viðurkennt, að eðlilegt sé að allir virkir



meðlimir í siðmenntuðum samfélögum láti fé af hendi rakna til hins opinbera.

Skattur og auðkenni þeirra

Til þess að skilgreina hugtakið „skattur“ er best að líta til skilgreininga fræðimanna.

Nákvæmni við greiningu hugtaksins skiptir meginmáli, en við umfjöllun um skattheimtu þarf sem dæmi að vera skýrt kveðið á um hvort um sé að ræða raunverulegan skatt eða þjónustugjald, eins og síðar verður vikið að. Hugtakið skatt má skilgreina sem hálf opið hugtak en dagleg málotkun manna bendir eindregið til þess að fólk líti á allskyns gjaldheimtu, af hendi hins opinbera sem skattheimtu, án tillits til eðli hennar og uppruna.

Pannig deila annars vegar fræðimenn og hins vegar almennir borgarar um þýðingu hugtaksins. Sumir telja að megineinkenni hugtaksins liggja í því að skatturinn sem greiðsla, sé lögð á samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir almennum efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds frá hinu opinbera, að tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verði að standa skil á þeim.⁴ Aðrir telja að takmarka eigi skatta við kröfur um afhendingu tilteknar peningagreiðslu, á meðan enn aðrir telja að ríkinu sé enn heimilt að ákvarða að aðrar tegundir en peningagreiðslur geti uppfyllt skilyrði þess að vera skattur.⁵ Gott dæmi um slíka skattlagningu eru lög nr. 20/2002 um skylduskil til safna.⁶ Kenningar hinna síðarnefndu eru því nátengdar fræðikenningum í lögfræði og hagfræði um hvers kyns skattheimta er. Kenningar þeirra fyrrnefndu miðast á hinn bóginn við lagabókstaf skattalaga.

Pó svo að með þessari skilgreiningu sé talið að einstakir menn verði ekki krafðir um greiðslu, þá kemur það ekki í veg fyrir að tilteknir nafngreindir einstaklingar, félög eða stofnanir eða ákveðnir skattstofnar þessara aðila séu að lögum undanþegnir skattskyldu.⁷ Í þessu samhengi má nefna lög nr. 32/1956 um skattfrelsi Nóbelsverðlauna Halldórs Kiljan Laxness, en hann var á þeim tíma undanþeginn tekju-skatti og útsvari.

Það er grundvallaratriði skattheimtu, gagnstætt því sem gildir um eignaskerðingar eins og eignarnám, að skattar eru settir á eftir almennum, efnislegum mælikvarða og eftir jafnræðisreglu stjórnarskrár og almennra stjórn-sýslureglna. Löggjafanum er óheimilt að taka ákveðna einstaklinga eða lögaðila fyrir á einhvern hátt. Það er beinlínis óheimilt að beina skattkröfu að ákveðnum einstaklingi. Það skal einnig leggja efnahagsleg sjónarmið til grundvallar, þannig að álagning sé miðuð við ákveðnar tekjur. Það gefur auga leið að það myndi leiða til óþarfa vandkvæða við skattlagningu ef skattur væri t.d. ekki lagður á með skattþrósentu, heldur væri skattgreiðslan peningaupphæð, sem löggjafinn heimilaði að skattstjórar ákvarði mánaðarlega.⁸

Á hinn bóginn misskilja margir aðilar eðli hugtaksins. Skattahugtakið miðast við að greiðslur skattaðila renni til hins opinbera; ríkis eða sveitarfélags. Greiðslusambandi hins opinbera og einstaklinga hvað varðar almannatryggingar skal ekki blandað saman við skattheimtu. Þær greiðslur sem eiga sér stað svo sem styrkir, bætur, lífeyrir og afsláttur eru annars eðlis og ber ekki að rugla því saman við skattgreiðslu borgaranna til ríkisins og telja að þar með séu þeir að fá gagngjald fyrir skatta sína.

Skattgreiðandi á að njóta góðs af skattgreiðslum sínum, en hann hefur að sjálfsgöðu ekki áhrif á hvernig fénu er varið.

Fyrir utan hið augljósa markmið með sköttum, að afla fjár til opinberrar þjónustu og framkvæmda í almannabágu, má finna aðrar ástæður skattlagningar. Eru skattar stundum hugsaðir til jöfnunar á tekjum manna og til niðurgreiðslu á vörum og þjónustu eða til að skapa stöðugleika í samfélaginu.⁹

Helstu flokkar skatta

Það hefur vafist fyrir fræðimönnum á sviði skattaréttar í gegnum tíðina að draga mörkin á milli skatta og annarra þjónustugjalda sem einstaklingar inna af hendi til hins opinbera.¹⁰ Til þess að auðvelda þeim sem fjalla um og vinna með skattamál, að öðlast yfirsýn yfir

skattahugtakið, eru skattar flokkaðir eftir ýmsum auðkennum.

Beinir skattar eru þeir skattar sem greiddir eru af skattskyldum aðilum en óbeinir skattar eru skattar sem greiddir eru af öðrum en þeim sem skattskyldir eru. Dæmi um slíkt eru vöru- og þjónustuskattar. Slíkir skattar eru stundum greiddir af framleiðanda, til dæmis við afhendingu á vöru eða þjónustu, en heimilt er að bæta þeim við verð vörunnar. Þess vegna eru það í raun neytendur sem standa straum af slíkum kostnaði. Beina skatta má því skilgreina sem skatta sem greiddir eru af hverjum og einum miðað við beina álagningu. Dæmi um slíka skatta eru tekjuskattar. Óbeinir skattar eru þess eðlis að skattaðilar gjalda fyrir með neyslu sinni.¹¹

Flokkunin er þó hvergi nærri nákvæm í þeim löndum þar sem stuðst er við ofangreinda skiptingu. Pannig eru ýmsir skattar flokkaðir sem óbeinir skattar, þótt þeir séu beinir samkvæmt almennum skilningi fræðimanna. Hér er til dæmis átt við eignarskatta á borð við bifreiða- og stimpilgjöld.

Einnig er brugðið á það ráð að skipta sköttum niður í ríkisskatta og skatta sveitarfélaga. Útsvar er dæmi um sveitarfélagsskatt, en sama gildir um fasteignagjöld og sérstaka fasteignaskatta af verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Tekjuskattur og virðisaukaskattur eru ríkisskattar. Þá má flokka skatta eftir álagningar- og innheimtuaðilum, þó svo að slíkir flokkun hafi takmarkað gildi. Ef sköttum er skipt í flokka eftir gjaldstofnum má þar sem dæmi finna algenga og vel þekkta skatta svo sem tekju- og eignarskatt, en einnig má finna launaskatta, vöru- og þjónustuskatta og nefskatta. Nefskattar eru skattar þar sem að hver og einn greiðir ákveðna upphæð sem tengist notkun. Sem dæmi um þetta er afnotagjald af Ríkisútvarpinu, þó svo að deilt hafi verið um hvort að þar hafi verið um að ræða nefskatt eða þjónustugjald. Einnig má nefna greiðslu manna í framkvæmdasjóð aldraðra.¹² Tekjuskattar reiknast af hvers kyns peningaverðmætum sem aðila hlotnast og er hægt að nota til neyslu.¹³

Skattur í íslenskum lögum

Löggjafanum er óheimilt að leggja á skatta nema með lögum. Regla þessi heitir lagaskyldureglan og er hana að finna í 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944 með síðari breytingum. Vegna þessarar reglu er það skylda löggjafans að lög um skatta séu skýr og ótvíræð, svo að skattaðilar séu ekki í vafa um greiðsluskyldu sína. Lagaskyldureglan er talin vera eitt mikilvægasta verkfæri sem notað er í þágu almennings við skattlagningu og með henni er réttaröryggi þeirra tryggt að því marki sem hér greinir. Meginhlutverk lagaskyldureglunnar er að tryggja hlutleysi og réttaröryggi skattaðila. Samkvæmt henni á skattur að vera almennur, byggjast á almennum efnislegum mælikvarða og skattlagning skal taka mið af jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnsýslu.

Réttaröryggi einstaklinga og lögaðila

má skipta í tvo flokka: formlegt og efnislegt réttaröryggi. Hinu formlega réttaröryggi er ætlað að tryggja andmælarétt skattaðila áður en skattframtali hans er breytt eða skattar hans ákvarðaðir. Með efnislegu réttaröryggi er átt við að skattaðilar geti treyst því að hið opinbera taki réttar ákvarðanir þegar kemur að skattamálum. Hér er átt við fyrirsjáleika skattlagningar, en ekki hvernig hið opinbera ráðstafar skattfé borgaranna, þó svo að eðlilegt sé að krefjast réttra ákvarðana.^{14 15}

Samkvæmt stjórnarskrá má engan skatt leggja á né breyta nema með lögum. Þrátt fyrir að þessi ákvæði takmarki heimild Alþingis til að framselja lagasetningarvald sitt þá tíðkast að Alþingi geti framselt fjármálaráðherra eða öðrum stjórnvöldum, til dæmis ríkisskattstjóra, vald til að setja nánari reglur um framkvæmd einstakra atriða í skattalögum.¹⁶

Heimildir

- 1 Frédéric Bastiat (2001). Bls. 4
- 2 Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 11-12
- 3 Frédéric Bastiat (2001). Bls. 6 – 7
- 4 Jónatan Þórmundsson (1982). Bls. 2 – 3
- 5 Alf Ross (1980). Bls. 221
- 6 3. gr. Skilaskylda. „Af verkum sem gefin eru út eða birt hér á landi skal afhenda eintök til skylduskila samkvæmt því sem kveðið er á um í 4.–11. gr.”
- 7 Jónatan Þórmundsson (1982). Bls. 2 – 3
- 8 Jónatan Þórmundsson (1982). Bls. 3 – 4
- 9 Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 26
- 10 Jakobsen/Pedersen/Siggaard (1990). Bls. 29 – 30
- 11 Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 28
- 12 Reglugerð um framkvæmdasjóð aldraðra nr. 1033/2004
- 13 Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 28 – 30
- 14 Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 15 – 17
- 15 Evald, Jens (2003). Bls. 21 – 24
- 16 Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 20




Hefur þú kynnt þér rafræn skil til ársreikningaskrár?

Á þjónustusíðu rsk.is er boðið upp á rafræn skil á ársreikningum

Kynntu þér málið
Allar nánari
upplýsingar
má fá á
www.rsk.is

→ Rafræn skil - einföld skil

Úrskurðir og dómar



ANNA DÓRA
HELGADÓTTIR

Úrskurður yfirskattanevndar nr. 396/2005
Virðisaukaskattur - Frjáls skráning - Yfirtaka leiðréttingarskyldu - Kröfur til yfirlýsingar vegna yfirtöku á leiðréttingarskyldu (þörf á skýrri og afdráttarlausri yfirlýsingu)

Kærandi í máli þessu, sem var einkahlutafélag, var skráður frjálsri skráningu í grunnkrá virðisaukaskatts vegna útleigu atvinnuhúsnæðis. Fallist var á með skattstjóra að sala kæranda á umræddu húsnæði á árinu 2000 hefði haft í för með sér breytingu á forsendum fyrir frádrætti innskatts og skyldu til leiðréttingar innskatts samkvæmt reglum þar um. Þá var ekki fallist á með kæranda að leiðréttingarskylda vegna innskatts væri fallin niður þar sem kaupendur fasteignarinnar hefðu yfirtekið leiðréttingarskyldu, enda kom ekkert fram um yfirtöku á leiðréttingarskyldu í kaupsamningi um fasteignina og engin tilkynning kaupenda þess efnis hafði borist skattstjóra. Ekki þóttu efni til að haggja við áætlun skattstjóra á leiðréttum (bakfærðum) innskatti, m.a. þar sem kærandi hafði enga grein gert fyrir leiðréttingarskyldum innskatti þrátt fyrir áskorun skattstjóra. Leiðréttingarhlutfall innskatts árið 2000 var á hinn bóginn lækkað frá því sem skattstjóri gekk út frá. Fallist var á kröfu kæranda um niðurfellingu álags.

Úrskurður yfirskattanevndar nr. 3/2006
Afturköllun sektarkröfu skatt-rannsóknarstjóra ríkisins - Málskostnaður

Skattrannsóknarstjóri ríkisins afturkallaði kröfu sína til yfirskattanevndar um

ákvörðun sektar á hendur gjaldanda vegna meintra brota á skattalögum og var málið í samræmi við það fellt niður hjá yfirskattanevnd. Talið var að kröfu um greiðslu málskostnaðar yrði ekki komið fyrir yfirskattanevnd nema í tengslum við úrlausn kærarlegrar ákvörðunar eða umfjöllun um sektarkröfu skattrannsóknarstjóra ríkisins. Var kröfu gjaldanda um greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði því vísað frá yfirskattanevnd.

Úrskurður nr. 8/2006

Virðisaukaskattur - Innskattur - Sérstök skráning - Frjáls skráning vegna útleigu fasteigna

Kærandi í máli þessu var skráður sérstakri skráningu í grunnkrá virðisaukaskatts vegna byggingar atvinnuhúsnæðis og síðar frjálsri skráningu vegna útleigu umrædds húsnæðis. Yfirskattanevnd hafnaði kröfu kæranda um frádrátt innskatts sem féll til í tengslum við sölu þeirrar fasteignar sem sérstök og frjáls skráning kæranda tók til, þ.e. vegna sölulauna, á þeim forsendum að ekki væri um að ræða virðisaukaskatt af aðföngum sem eingöngu vörðuðu sölu vöru eða skattskyldrar þjónustu í skilningi virðisaukaskattslaga, enda tæki skattskyldusvið laganna ekki til fasteigna.

Úrskurður yfirskattanevndar nr. 10/2006

Rekstrarkostnaður - Ábyrgðarskuldbinding

Kærandi færði til gjalda í skattskilum sínum ábyrgðarskuldbindingu sem hann tókst á hendur fyrir X ehf., en einkahlutafélagið hafði á leigu fasteign kæranda, vélar og tæki til fiskvinnslu. Heimilaði kærandi X ehf. að veðsetja fasteignina og umræddar vélar og tæki. Yfirskattanevnd taldi að miðað við skýringar kæranda yrði ekki annað séð

en að greindar veðheimildir hefðu staðið í beinu samhengi við stofnun og rekstur X ehf. og fyrir lá að kærandi átti hlut í félaginu. Var kröfu kæranda um gjaldfærslu umræddrar ábyrgðar hafnað.

Úrskurður yfirskattanevndar nr. 31/2006

Bindandi álit - Sala á vörumerkjum - Fyrning - Stofnverð

Kærandi, sem var hlutafélag, hugðist selja vörumerki sem höfðu verið búin til og þróuð í atvinnurekstri félags sem sameinast hafði kæranda. Óskaði kærandi eftir bindandi álit ríkisskattstjóra á því hvernig fara bæri með sölu vörumerkjanna í skattalegu tilliti, en kærandi leit svo á að um hagnað af sölu vörumerkjanna færi eftir reglum sem giltu um söluhagnað fyrnanlegra eigna, þar á meðal um heimildir til frestunar skattlagningar og til sérstakra fyrninga fyrnanlegra eigna á móti söluhagnaði. Ríkisskattstjóri hafnaði þessu sjónarmiði kæranda og taldi að söluverð vörumerkjanna bæri að telja að fullu til tekna á söluári, enda væri um að ræða áunnin vörumerki sem sköpuð hefðu verið í rekstri en ekki keypt vörumerki. Yfirskattanevnd féllst á með umboðsmanni kæranda að aðstaðan í máli kæranda varðandi skattalega meðferð áunninna vörumerkja væri í veigamiklum atriðum ekki ólík atvikum í úrskurði yfirskattanevndar nr. 65/2003 þar sem fjallað hefði verið um söluhagnað viðskiptavildar og talið að samræmisrök stæðu til þess að skattaleg meðferð viðskiptavildar færi eftir sömu reglum án tillits til þess hvort um væri að ræða keypta eða áunna viðskiptavild. Á sama hátt stæðu samræmisrök til þess að skattaleg meðferð slíkra verðmæta sem vörumerkja yrði með sama hætti hvort sem þau hefðu verið keypt eða áunnin, þ.e. sköpuð og þróuð í rekstri. Þá var ekki talið að sérstakt ákvæði um niðurfærslu kostnaðar við öflun einka-

leyfis og vörumerkja í 32. gr. laga nr. 90/2003 tæki til verðmætis sem kynni að vera fólgið í áunnu vörumerki, enda var talið að skýra bæri ákvæðið þannig að niðurfærsluheimild samkvæmt því tæki fyrst og fremst til kostnaðar við skráningu vörumerkja og hliðstæðra auðkenna og annarra hliðstæðra útgjalda. Var fallist á með kæranda að ákvæði 13. og 14. gr. laga nr. 90/2003 ættu við um skattlagningu hagnaðar af sölu umræddra vörumerkja og var bindandi álit ríkisskattstjóra breytt til samræmis.

Úrskurður yfirkattanevndar nr. 32/2006
Reiknað endurgjald -
duldar launagreiðslur -
óheimilar lánveitingar

Ágreiningur í máli þessu laut að þeirri ákvörðun skattstjóra að hækka tilfærð laun kæranda í skattframtölum hans árin 2000, 2001, 2002 og 2003. Um var að ræða greiðslur frá launagreiðanda kæranda sem tilgreindar voru sem lán í bókum félagsins og voru ekki færðar til tekna í skattframtölum kæranda umrædd ár.

Yfirkattanevnd lagði til grundvallar úrlausn málsins að í hinni kærðu ákvörðun skattstjóra hefði hvað gjaldárin 2000, 2001 og 2002 snerti falist ákvörðun á fjárhæð reiknaðs endurgjalds samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðar laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. sömu laga. Hvað varðar gjaldárið 2003 þá hefði skattstjóri byggt tekjufærslu í framtali kæranda á ákvæði 3. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 133/2001, sbr. 3. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003.

Yfirkattanevnd taldi varhugavert að byggja á því að kæranda hafi borið að reikna sér endurgjald vegna starfa hans í þágu félagsins árin 1999, 2000 og 2001. Vísaði nefndin til þess að samkvæmt gögnum málsins hefði kærandi ekki verið eigandi félagsins á þeim tíma sem málið varðaði, enda óumdeilt að hlutafé félagsins væri að öllu leyti í eigu foreldra kæranda. Því hefði kærandi hvorki verið tengdur félaginu vegna eignaraðildar né farið með nokkuð fyrirvar fyrir það. Þá yrði ekki ráðið að

fyrirvar hans hefði verið með öðrum og víðtækari hætti en leiddi af störfum hans hjá félaginu. Kærðar breytingar skattstjóra á skattframtölum kæranda árin 2000, 2001 og 2002 voru því felldar úr gildi.

Vegna gjaldársins 2003 vísaði yfirkattanevnd til þess að ákvæði 3. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 eins og því var breytt með b-lið 2. gr. laga nr. 133/2001 hefði komið til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2003. Samkvæmt ákvæðinu þá teljast til tekna sem laun lán sem óheimil eru samkvæmt lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Því var lán til kæranda talið honum til tekna árið 2002.

Úrskurður yfirkattanevndar nr. 42/2006
Dagpeningar -
Frádráttur - Starfsstöð -
Tilfallandi ferðir

Málsatvik voru þau að kærandi vann sem verkfræðingur við eftirlitsstörf með jarðgangnagerð á Austurlandi. Skattstjóri synjaði kæranda um frádrátt á móti dagpeningum á þeim grundvelli að starfsstöð kæranda hefði verið á Reyðarfirði á umræddu tímabili og að hann hefði dvalið þar að mestu leyti enda hlotið dagpeningagreiðslur fyrir 181 dag á tímabilinu 2. apríl til 22. desember en virkir dagar á sama tímabili væru 180. Þar með væri skilyrðið um „tilfallandi ferðir utan venjulegs vinnustaðar“ ekki uppfyllt og því ekki heimild til frádráttar á móti umræddum dagpeningagreiðslum. Yfirkattanevnd taldi einsýnt að um samfellda dvöl hefði verið að ræða að mestu leyti frá því að störf kæranda hófust og að taka yrði undir það með skattstjóra að vinnustaður kæranda hefði verið á Reyðarfirði á greindum tíma. Kröfum kæranda var hafnað.

Úrskurður yfirkattanevndar nr. 44/2006
Frestun söluhagnaðar -
Yfirfærsla einstak-
lingsrekstrar í
einkahlutafélag - 56. gr.
laga nr. 90/2003

Í máli þessu var deilt um meðferð söluhagnaðar sem myndaðist á árinu 2000

vegna sölu atvinnuhúsnæðis og annarra fyrnanlegra eigna í lyfsölurekstri kæranda. Að ósk kæranda, sem fram kom í skattframtali hans 2001, heimlaði skattstjóri frestun á skattlagningu söluhagnaðarins um tvenn áramót. Í ársbyrjun 2002 stofnaði kærandi einkahlutafélag og færði hinn frestaða söluhagnað til tekna í rekstrarreikningi félagsins fyrir árið 2002. Byggði kærandi á því að rekstur hans hefði verið yfirfærður yfir í nýstofnað einkahlutafélag í samræmi við heimild í 57. gr. C laga nr. 75/1981, sbr. nú 56. gr. laga nr. 90/2003. Skattstjóri féllst ekki á að greind heimild ætti við í tilviki kæranda og færði honum umræddan söluhagnað til tekna árið 2003. Yfirkattanevnd féllst á það með skattstjóra að ekki væri í tilviki kæranda um að ræða yfirfærslu þess rekstrar sem kærandi hafði áður haft með höndum í einkahlutafélag með sams konar rekstur, sbr. áskilnað upphafsákvæðis 57. gr. C laga nr. 75/1981. Taldi nefndin því ekki uppfyllt lagaskilyrði fyrir því að einkahlutafélagið tæki við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum kæranda. Kröfum kæranda var hafnað.

Úrskurður yfirkattanevndar nr. 93/2006
Arður af hlutabréfum -
Álag

Skattstjóri færði kæranda til tekna vanframtalda arðgreiðslu frá einkahlutafélagi. Þá bætti skattstjóri við 25% álagi. Kærandi krafðist niðurfellingar álags þar sem skil höfðu verið gerð á staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts vegna arðgreiðslunnar á réttum tíma. Yfirkattanevnd hafnaði þeirri kröfu kæranda og tók fram að afdráttur staðgreiðslu af arðinum hefði ekki þýðingu varðandi álagsbeitinguna.

Úrskurður yfirkattanevndar nr. 96/2006
Virðisaukaskattur -
Endurgreiðsla til opin-
berra aðila

Skattstjóri hafnaði beiðni kæranda, sem er opinber aðili, um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyptrar þjónustu frá Fornleifastofnun Íslands. Ekki var um það deilt að stofnunin hefði

selt þjónustu háskólamenntaðra sérfræðinga, þ.e. fornleifafræðinga, en hins vegar féllst skattstjóri ekki á að það skilyrði væri uppfyllt að fornleifafræðingar þjónuðu almennt atvinnulífinu, eins og kveðið er á um í ákvæðum 5. tölul. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 5. tölul. 12. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af starfsemi opinberra aðila. Fornleifarannsóknir væru í þágu almannahagsmuna en ekki í þágu atvinnulífsins enda teldust fornleifarannsóknir almennt ekki vera aðföng til atvinnurekstrar. Yfirséttanefnd taldi, m.a. með vísan til dómaframkvæmdar, að túlka bæri nefnd ákvæði þröngri skýringu. Nefndin féllst þó ekki á þau lögskýringarsjónarmið skattstjóra að í endurgreiðsluákvæði 5. tölul. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 fælist sérstakt viðbótarskilyrði um að atvinnufyrirtæki nýti sér almennt þjónustu þeirra aðila, sem eftir almennum mælikvarða yrðu taldir sérfræðingar í skilningi ákvæðisins, til þess að endurgreiðsla kæmi til greina, enda yrði hvorki talið að túlkun skattstjóra ætti sér næga stoð í orðalagi nefndra ákvæða né yrði hún leidd af tiltækum lögskýringargögnum. Fallist var á kröfu kæranda.

Úrskurður yfirséttanefndar nr. 100/2006

Bifreiðahlunnindi - Fólksbifreið/vörubifreið

Ágreiningur máls þessa varðaði þá ákvörðun ríkisskattstjóra að hækka bifreiðahlunnindi kæranda vegna notkunar á tveimur bifreiðum. Deilt var um það í málinu hvort um væri að ræða bifreiðar sem féllu undir skattmatsreglur ríkisskattstjóra en um var að ræða pallbíla, sem skráðir voru sem vörubílar í opinberri ökutækjaskrá. Yfirséttanefnd taldi að ekki yrði annað séð en að hægt væri að hafa „sambærileg afnot“ af umræddum bifreiðum og af fólksbifreiðum og voru skattmatsreglur ríkisskattstjóra því taldar ná yfir afnot bifreiðanna. Kröfum kæranda var hafnað.



Molar ...

molar ... molar ... molar ...



Greiðslur til foreldra langveikra barna - skuldajöfnun

Þann 1. júlí sl tóku gildi lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Markmið laganna er að veita foreldrum sem eru launamenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar rétt til greiðslna ef þau leggja niður störf þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Löggin eiga einnig við um foreldra í námi. Greiðslurnar nema allt að 93.000 kr á mánuði til þess foreldris er leggur niður störf. eru forsendur rækilega tilgreindar í lögnum. Athygli vekur að þessar foreldragreiðslur tengjast á beinan hátt skattkerfinu ef þær reynast of háar. Þannig er að heimilt verður að skuldajafna of háum greiðslum til foreldranna á móti inneign foreldra hjá skattinum vegna barnabóta, vaxtabóta o.þ.h. samkvæmt lögum um tekjuskatt. Þetta úrræði á t.d. við í því tilviki er foreldrar hafa haldið áfram að fá laun frá vinnuveitanda sem hafa verið hærri en sem nemur mismun greiðslna vegna hins langveika barns og meðaltals heildarlauna foreldra fyrir tekjuárið á undan því ári þegar barn er sjúkdómssgreint.



Skattstjórafundur

Hinn árlegi fundur skattstjóra og fjármálaráðuneytis var haldinn 5. og 6. júlí sl. Til stóð að fundurinn væri haldinn í Vestmannaeyjum en þar sem ekki var flugfært til Vestmannaeyja var tekið á það ráð að hefja fundinn að Hótel Loftleiðum. Að lokinni dagskrá fyrra fundardags var siglt með Herjólfu til Vestmannaeyja og dagskrá haldið áfram þar. Auk hefðbundinna dagskrárliða sem snéru að nýafstaðinni álagningu og verkefnum framundan var aðalefni fundarins að þessu sinni skráning og skattlagning erlendra aðila sem starfa eða inna af hendi þjónustu á Íslandi.

Hojvikursamningurinn

Hojvik er fallett kaupþún við austurjaðar höfuðstaðarinn Þórshafnar í Færeyjum. Í kaupþúinu búa um 2300 manns og hefur þar verið mikill uppgangur og margvíslegar framkvæmdir undanfarin misseri. Þessi staður hefur nú skráð sig í bækur réttarsögunnar. Þarna á bæ var á árinu 2005 undirritaður samningur við hann kenndur, eða Hojvikursamningurinn. Samningurinn er á milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar um sameiginlegt efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Hann nær til viðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, staðfesturéttar, samkeppni o.fl. Er Hojvikursamningnum ætlað að tryggja Færeyingum hér á landi víðtæk réttindi. Samningurinn bannar þannig mismunun á grundvelli ríkisfangs o.p.h. Búið er að samþykkja þingsályktun sem fullgildir samninginn og með nýsamþykktum lögum voru í 116 greinum gerðar



breytingar á íslenski löggjöf vegna hans. Einkum snerta breytingarnar lög er varða vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjárfestingar og rétt til stofnsetningar fyrirtækja hér á landi. Gerð var breyting á nokkrum lagaákvæðum á vettvangi skattaréttar. Nú eru til dæmis ýmsir happdrættisvinningar sem skatt-

frjálsir eru í Færeyjum einnig skattfrjálsir á Íslandi og ákvarða má barnabætur með börnum búsettum í Færeyjum ef framfærandi þeirra er starfandi á Íslandi. Margháttaðar breytingar verða á félagalöggjöf og einnig á lögum um ársreikninga og lögum um endurskoðendur svo einhver dæmi séu nefnd.

Ný vefþjónusta

Við framtalsskil 2006 var tekin upp ný vefþjónusta fyrir endurskoðendur, bókkara og aðra þá sem nota DK hugbúnað til rafræna framtalsskila. Með henni geta notendur sótt áritunarupplýsingar í grunnskrá RSK þegar framtal er stofnað í kerfinu. Fá þeir þá framtalið rétt uppsett með nöfnum, kennitölum, hjúskaparmerkingu, heimilisfangi, umdæmi og nöfnum og kennitölum barna. Ekki aðeins sparar þetta notendum innslátt heldur tryggir einnig að framtalið sé rétt stofnað og í samræmi við grunnskrá.

Margir höfðu áður lent í basli með framtöl sem ekki var hægt að skila þar sem þau stemmdu ekki við grunnskrá, einkum í tengslum við samsköttun, fjölskyldumerkingu og andlát maka. Með þessari tilhögun heyra þeir erfiðleikar sögunni til. Sams konar þjónusta er veitt vegna framtala fyrir félög. Einnig var villuprófun bætt talsvert milli ára og gengu rafræn skil fagframteljenda mjög vel á árinu.



Rúmenía



GUÐRÚN ÁSTA SIGURÐARDÓTTIR

Samningaviðræður um tvísköttunarsamning á milli Íslands og Rúmeníu eru nýhafnar.

Af því tilefni verður hér gerð grein fyrir helstu skattlagningarreglum sem gilda um heimilisfasta lögaðila og einstaklinga í Rúmeníu ásamt því að fjalla stuttlega um þær reglur sem gilda um takmarkaða skattskyldu.

Tilgreindar fjárhæðir miðast við gjaldárið 2005. Fjárhæðir eru í rúmensku Leii (ROL) og er gengi þess 0,03691 krónur í júlí 2006. Hins vegar gera rúmensk skattalög í sumum tilvikum ráð fyrir tengingu við Evru (EUR).

Skattar

Lögaðilar greiða tekjuskatt til ríkisins og tryggingagjald. Einstaklingar greiða tekjuskatt til ríkisins og erfðafjárskatt. Þá greiða launþegar einnig tryggingagjald en ekki skatt til sveitarfélags. Virðisaukaskattur er lagður á vörusölu og þjónustu.

Rúmenía hefur gert tvísköttunarsamninga við 76 ríki.

Lögaðilar

Skattskyldir lögaðilar eru m.a. hlutafélög í almennings- og einkaeign. Lögaðili telst heimilisfastur ef hann er skráður í Rúmeníu eða ef raunveruleg stjórn hans er staðsett þar.

Heimilisfastir lögaðilar eru skattskyldir af öllum tekjum sínum og er tekjuhugtakið vítt og tekur m.a. til söluhagnaðar. Rekstrarkostnaðarhugtakið er líkt því sem er hér á landi - en til rekstrarkostnaðar telst sá kostnaður sem er nauðsynlegur til að afla, tryggja og viðhalda tekjum. Undir rekstrarkostnað fellur ýmis starfsmannatengdur kostnaður, s.s. eftirlaunagreiðslur, heilsu-, slysa- og líftryggingar, fæði, bifreiðakostnaður og önnur hlunnindi. Þóknarir eru almennt frádráttarbærar sem og vextir. Ekki má draga frá tekjum lögaðila greiddan arð eða aðra ráðstöfun hagnaðar.

Rekstrartöp má færa á móti tekjum í fimm ár.

Tekjuskattshlutfall lögaðila er 16%. Þó greiða spilavíti og næturklúbbar 5% af veltu og lítil og meðalstór fyrirtæki (með veltu lægri en EUR 100.000) 3% tekjuskatt.

Söluhagnaður er skattlagður eins og venjulegur hagnaður.

Skattárið er almanaksárið. Framtali skal skila um leið og ársreikningi skattársins. Ennfremur er fyrirtækjum skylt að skila framtali ársfjórðungslega. Tekjuskattur er greiddur ársfjórðungslega en endanleg álagning fer fram eftir að ársreikningur hefur verið lagður fram.

Stórfyrirtæki (með veltu yfir ROL 500 milljarða), s.s. bankar og tryggingafélög geta fengið bindandi álit frá skattfyrirvöldum. Hið sama mun gilda um lítil og meðalstór fyrirtæki frá og með 1. janúar 2007.

Almennt tryggingagjald er 31,5% og skiptist það á milli vinnuveitanda (22%) og starfsmanns (9,5%). Vinnuveitandi heldur gjaldinu eftir af launum starfsmanns.

Takmörkuð skattskylda hvílir á fyrirtækjum sem stunda viðskipti gegnum fasta starfsstöð í Rúmeníu, vegna tekna sem til falla þar. Að meginstofni til gilda sömu skattlagningarreglur fyrir lögaðila sem eru með takmarkaða skattskyldu og fyrir lögaðila með fulla og ótakmarkaða skattskyldu. 15% staðgreiðsluskattur er lagður á vexti, hagnað, höfundarlaun og greiðslur fyrir þjónustu sem greiddar eru erlendum aðilum.

Einstaklingar

Einstaklingur verður að fullu skattskyldur í Rúmeníu ef hann á lögheimili þar, ef þar er miðstöð persónulegra hagsmuna hans eða hann dvelur í Rúmeníu í meira en 183 daga.

Útlendingar sem uppfylla framangreind skilyrði í þrjú ár samfellt eru meðhöndlaðir sem rúmenskir skattgreiðendur í upphafi fjórða árs dvalartímans.

Hjón og sambúðarfólk eru skattlögð sitt í hvoru lagi.

Tekjum er skipt í fjóra flokka: launatekjur; tekjur af sjálfstæðri starfsemi; tekjur af fasteignum og höfundarlaun; og fjármagnstekjur. Skattstofninn er samanlagðar tekjur allra flokka að frádregnum heimiluðum frádrætti í hverjum flokki fyrir sig, sbr. hér síðar. Tekjur sem eru undanþegnar skattlagningu eru skólastyrkir og aðstoð frá ríkinu, flestar fjármagnstekjur, tryggingabætur og bætur fyrir skaða og miska og aðrar tekjur sem eru undanþegnar samkvæmt sérstökum ákvæðum. Þá gildir sú sérregla að tekjur erlendra ráðgjafa eru undanþegnar skattlagningu. Undanþága er veitt ráðgjöfum (bæði innlendum og erlendum) sem starfa við sérstaklega viðurkennd verk í Rúmeníu. Viðurkennd verk teljast m.a. til þjónustu sem veitt er samkvæmt samningum sem fjármagnaðir eru samkvæmt óafturkræfum lánum frá alþjóðlegum fjármálastofnunum, f.h. ríkisstjórnar Rúmeníu eða rúmönskum félögum sem eru á ábyrgð rúmenska ríkisins.

Launatekjur eru almennt skattskyldar auk hlunninda svo sem vegna frís húsnæðis, einkanota fyrirtækisbifreiðar og farsíma, og gilda um ákvörðun þeirra sérstakar reglur (skattmat). Frádrættir eru t.d. kostnaður vegna ferða til og frá vinnu, kostnaður vegna ferða, húsnæðis og annarra útgjalda ef um útsendan starfsmann er að ræða og gjafir frá vinnuveitanda, enda fari verðmæti ekki yfir ROL 1.500.000 við hvert tilefni.

Stjórnarlaun eru skattlögð sem laun.

Lífeyrir umfram ROL 9 milljónir er skattlagður.

Söluhagnaður eigna sem ekki tengjast atvinnurekstri er ekki skattskyldur ef eignarhaldstíminn hefur verið þrjú ár. Sé eignarhaldstími styttri er greiddur 16% skattur.

Veittur er sérstakur skattafsláttur frá tekjuskattsstofni og breytist hann reglulega. Afslátturinn miðast við tekjur og getur orðið ROL 2.500.000. Einstaklingar sem hafa meira en ROL 30.000.000 fá ekki þennan skattafslátt. Til viðbótar er veittur sérstakur afsláttur vegna þeirra sem eru á framfæri skattgreiðanda, maka og barna. Um er að ræða helming af framangreindum afslætti. Hins vegar getur heildarskattafsláttur aldrei numið hærri fjárhæð en ROL 6.500.000.

Staðgreiðsla er tekin af arði og annarri hlutdeild í hagnaði, sem og skattskyldum vöxtum. Skatthlutfallið er 16%. Þá eru launagreiðendur skyldugir til að halda eftir staðgreiðslu af launum sem er bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlega álagningu tekjuskatts. Þá er lagt á tryggingagjald, 9,5%, auk þess 6,5% til sjúkratrygginga og 1% í atvinnuleysistryggingasjóð.

Skattárið er almanaksárið

Framtölum ber að skila fyrir 15. maí ár hvert. Einstaklingar sem einungis fá tekjur frá einum launagreiðanda þurfa þó ekki að skila framtali. Í sumum tilvikum þarf að skila sérstökum framtölum, t.d. ef um er að ræða tekjur vegna arðs erlendis frá. Gjaldddagi viðbótarskatts, ef um hann er að ræða, er 60 dögum eftir álagningu. Ef um ofgreidda skatta er að ræða þarf að óska eftir endurgreiðslu innan sama tíma.

Frá og með 1. janúar 2006 er hægt að fara fram á bindandi álit fjármálaráðuneytisins eða skattyfirvalda. Slíkt álit þarf þó að varða viðkomandi gjaldanda.

Erlendir aðilar sem ekki eru búsettir í Rúmeníu greiða skatt af tekjum sem þeir afla í Rúmeníu. Það á einnig við um vaxtatekjur af innistæðum í bönkum, af ríkisskuldabréfum og öðrum sparnaði við viðurkenndar fjármálastofnanir. Skatthlutfallið er 5%. Á aðrar vaxtatekjur, t.d. vexti vegna lána er lagður 15% skattur. Hið sama á við um arð. Á greiðslur vegna hugverkaréttinda er lagður 16% skattur og þá greiða erlendir listamenn 20% skatt af tekjum sem þeir afla í Rúmeníu.

Sé aðili búsettur og skattskyldur í landi sem Rúmenía hefur gert tvísköttunarsamning við kunna ákvæði hans að kveða á um skattleysi eða lægra skatthlutfall vegna þeirra tekna sem hér hafa verið taldar upp.

Erlendir aðilar sem ekki eru búsettir í Rúmeníu þurfa að sækja um skattanúmer og sérstakt skattskírteini innan 30 daga eftir að þeir fá fyrst tekjur eða gera ráðningarsamning í Rúmeníu. Þessir aðilar þurfa að skila skattframtali og greiða endanlegan skatt mánaðarlega.

Virðisaukaskattur

Virðisaukaskattur er lagður á vörusölu og þjónustu. Almenn skatthlutfall er 19%. Lægra skattþrep, 9%, tekur til bóka, dagblaða, lyfja og gistipjónustu.

Þýtt og endursagt úr European Tax Handbook 2005

Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2006

Skatthlutfall staðgreiðslu	36,72%
Tekjuskattur	23,75%
Útsvar	12,97%
Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af launum umfram kr. 98.528	6,00%
Af vöxtum og arði	10,00%
Skattleysismörk tekjuárið 2006	948.647

Persónuafsláttur frá 1. janúar 2006

í einn mánuð	kr. 29.029
í hálfan mánuð	kr. 14.514
í 14 daga	kr. 13.361
í eina viku	kr. 6.680
Sjómannaafsláttur á dag	kr. 787

Hámark barnabóta 2006 miðað við heilt ár

Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni	kr. 139.647
- með börnum umfram eitt	kr. 166.226
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr. 46.747
Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	kr. 232.591
- með börnum umfram eitt	kr. 238.592
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára	kr. 46.747

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	5,79%
Sérstakt gjald v/sjómanna	6,44%

Kilómetragjald, skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 2/2006

Kilómetragjald, gildir frá 1. júní 2006

Almennt gjald, af fyrstu 10 þ.km, pr. km:	kr. 68,50
---	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennt gjald.

Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

Dagpeningar innanlands, skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2006

Gildir frá 1. okt. 2005

Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	17.500
Fyrir gistingu í eina nótt	11.500
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	6.000
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	3.000

Dagpeningar erlendis, skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2005


	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
London, New York borg,				
Washington DC og Tokyo	SDR 145	110	93	70
Annars staðar	SDR 110	100	70	64

Virðisaukaskattur

Almennt skattþrep	24,5%
Sérstakt skattþrep	14,0%

Kaupir þú þjónustu af erlendum aðila sem innt er af hendi hér á landi?

Þekkirðu eftirfarandi reglur:



Undanþáguvottorð kemur í veg fyrir tvísköttun og leysir þig undan ábyrgð á skattgreiðslum

Nánari upplýsingar hjá ríkisskattstjóra, Laugavegi 166, Sími 563 1100

RSK